




Center CM-C 19

7 620 350 070 (EU)
7 620 350 071 (NAFTA)
7 620 350 076 (Mexíkó)

is Leiðbeiningar um notkun

(((SiriusXM)))

(Aðeins NAFTA)



- (1) Skjár
- (2) Hnappurinn kveikja/slökkva
Ýtt stuttlega:
 Slökkt á tæki: Kveikt á tækinu
 Kveikt á tæki: Taka hljóð af/setja hljóð
 á hljóðspilun á virka svæðinu
 (bílstjórassvæði/cockpit eða
 farþegasvæði/cabin)
Ýtt meðallengi (~ 3 sekúndur): Farið aftur
 á heimavalmynd virka svæðisins
 (bílstjórassvæði eða farþegasvæði)
Ýtt lengi (~ 5 sekúndur): Slökkt á tækinu


Athugasemd:

Ef ökutækið er með stjórnþúnað í stýri getur verið að hægt sé að nálgast sumar aðgerðir tækisins með stjórnþúnaði stýrisins: Frekari upplýsingar má finna í handbók ökutækisins.

Innihald

1	Upplýsingar um regluverk..... 6				
1.1	Útfærsla fyrir EU (7 620 350 070)....6	4.6.2	Hljóðstillingar farþegasvæðis18	6	WX Radio-hamur 32
1.2	NAFTA variant (7 620 350 071).....6	4.7	Stillingar skjás, klukku og tungumáls.....18	6.1	Hlusta á útvarpið32
1.3	Útfærsla fyrir Mexíkó (7 620 350 076)7	4.8	Frekari kerfisstillingar.....20	6.2	WX Radio-gluggi32
		4.9	Stillingar skjás22	6.3	Hlusta á stöð32
2	Tákn sem notuð eru í skjalinu 7	4.10	Tenging/ísetning á útværum tækjum og gagnageymslutækjum23	6.4	Veðurtilkynningar - kveikt/slökkt.....32
3	Mikilvægar upplýsingar..... 8	4.10.1	Almennar upplýsingar23	7	DAB+ útvarpshamur 33
3.1	Upplýsingar um þrif.....9	4.10.2	USB-geymslumiðill/Apple-tæki24	7.1	Hlustað á DAB 33
4	Notkun 10	4.10.3	Tenging á tæki með Bluetooth.....24	7.2	DAB-gluggi..... 33
4.1	Stýringar snertiskjás10	5	FM/AM útvarpshamur 27	7.3	DAB-glugginn opnaður 33
4.1.1	Ýtt á skjáinn10	5.1	Hlusta á útvarpið27	7.4	Eiginleikar DAB..... 33
4.1.2	Rennt yfir skjáinn.....10	5.2	Leitarglugginn.....27	7.5	DAB service list (DAB þjónustulisti) 33
4.1.3	Þysjað í kortasýn10	5.3	Leitargluggi opnaður28	7.6	Val á þjónustu 34
4.1.4	Skrunað á sýnilegu kortasvæði.....10	5.4	RDS28	7.7	Vista þjónustu 34
4.2	Kveikt/slökkt á tækinu11	5.4.1	AF hamur – kveikt/slökkt.....28	7.8	Hlusta á vistaða þjónustu 34
4.3	Hljóðstyrkurinn stilltur11	5.4.2	Svæðishamur – kveikt/slökkt28	7.9	Hlusta á varahljóðrás..... 34
4.3.1	Hljóðstyrkur hækkaður/lækkaður11	5.5	Val á tíðnisviði28	7.10	Forval á dagskrárgerðum..... 34
4.3.2	Hljóð tekið af hljóðspilun.....11	5.6	Leit að rásum29	7.11	DAB-aukaupplýsingar sýndar..... 35
4.4	Heimavalmynd fyrir bílstjórassvæði og farþegasvæði.....11	5.6.1	Handvirk leit að rásum.....29	7.12	DAB-FM-tenging 35
4.4.1	Heimavalmynd fyrir bílstjórassvæðið ..11	5.6.2	Hef sjálfvirka stöðvarleit.....29	8	SiriusXM Radio-hamur 36
4.4.2	Heimavalmynd fyrir farþegasvæði12	5.6.3	Stöðvalisti.....29	8.1	Virkjun á áskrift að SiriusXM 36
4.4.3	Skipt á milli heimavalmynda12	5.6.4	Skima stöðvar með móttöku.....29	8.2	Hlusta á SiriusXM 36
4.4.4	Beint aðgerðaval í heimavalmynd12	5.7	Vista stöðvar.....29	8.3	SiriusXM-glugginn 36
4.4.5	Valmyndin á botninum15	5.8	Hlusta á vistaða stöð29	8.4	SiriusXM-glugginn opnaður37
4.5	Birting á aðalstjórnhöfum.....15	5.9	Birting á útvarps-texta – kveikt/slökkt.....29	8.5	Val á rásum37
4.5.1	Hlusta á útvarp og spila miðla15	5.10	Umferðartilkynningar.....29	8.5.1	Val á rás af rásarlistanum37
4.5.2	Sími.....15	5.10.1	Forgangur umferðartilkynninga – kveikt/slökkt 30	8.5.2	Val á rás úr flokki37
4.5.3	Leiðsögn16	5.10.2	Hætt við umferðartilkynningu í spilun 30	8.5.3	Beinval37
4.5.4	Skipt á milli glugga aðalstjórnhamana...16	5.11	Bilanagreining fyrir HD Radio (útfærsla fyrir NAFTA)31	8.6	Rásarlisti sérsniðinn37
4.6	Hljóðstillingar16			8.7	Eftirlætisrásar vistaðar og valdar .. 38
4.6.1	Hljóðstillingar bílstjórassvæðis17			8.7.1	Rás vistuð 38
				8.7.2	Val á vistaðri rás 38
				8.7.3	Leitarskimun 38

8.8	Bein útsending og endurspilun	38	9.3.6	Hoppa áfram/afturábak í núverandi titli.....	44	10.7.1	Opna kortasýn	54
8.8.1	Endurspilunarhamur	38	9.3.7	Endurtaka titil.....	44	10.7.2	Kortasýn við virka leiðsögn.....	54
8.8.2	Fara aftur í beina útsendingu	38	9.3.8	Aðgerðin uppstokkun.....	44	10.7.3	Endurtaka núverandi leiðsagnartilkynningu	54
8.9	Eftirlætislög og listamenn	38	9.4	Myndbandsspilun	45	10.7.4	Breyta skala korts.....	54
8.9.1	Vista lög eða listamenn sem eftirlæti.....	39	9.4.1	Myndbandsglugginn	45	10.7.5	Breyta kortasýn	55
8.9.2	Tilkynning um eftirlætislag eða listamann	39	9.4.2	Seta spilun á pásu	45	10.7.6	Birta TMC-skilaboð.....	55
8.9.3	Spila eftirlætislög eða listamenn úr sögu	39	9.4.3	Hoppa yfir á næsta/fyrri titil.....	45	10.7.7	Breyta kortahlutanum sem er sýndur.....	55
8.9.4	Breyta eftirlætislögum og listamönnum	39	9.4.4	Val á titlum í miðlavafra	45	10.7.8	Skoða upplýsingar um stað á kortinu	55
8.10	Umferðar- og veðurskilaboð	39	9.4.5	Hraðspólun áfram/afturábak	45	10.7.9	Val á áhugaverðum stað á kortinu	55
8.10.1	Val á borg fyrir umferðar- og veðurskilaboð	40	9.4.6	Hoppa áfram/afturábak í núverandi titli.....	45	10.8	Leiðsagnarstillingar í valmyndinni Route (leið)	56
8.10.2	Spila umferðar- og veðurskilaboð.....	40	9.4.7	Heilskjášhamur – kveikt/slökkt.....	45	10.8.1	Opna valmyndina Route (leið)	56
8.11	Íþróttatilkynningar.....	40	9.5	Miðlavafri.....	46	10.8.2	Hætt við leiðsögn.....	56
8.11.1	Val á íþróttafélögum	40	9.5.1	Vafraglugginn	46	10.8.3	Taka hljóð af leiðsagnartilkynningum	56
8.11.2	Gera vöktun á í íþróttatilkynningum virka/óvirka	40	9.5.2	Val á titlum.....	46	10.8.4	Leit að áhugaverðum stað á leiðinni eða nærri ákvörðunarstað	56
8.11.3	Íþróttatilkynning	41	9.5.3	Loka vafra án þess að velja titil	46	10.8.5	Birta upplýsingar um ákvörðunarstað.....	57
8.11.4	Spila íþróttatilkynningu úr sögu	41	10 Leiðsögn	47	10.8.6	Lokað fyrir leiðarhluta	57	
8.11.5	Breyta íþróttatilkynningum.....	41	10.1	Hefja leiðsögn.....	47	10.8.7	Birta lista yfir leiðarpunkta.....	57
8.12	Frekari stillingar.....	41	10.2	Innsláttur á ákvörðunarstað	47	10.9	Kortastillingar tilgreindar	57
8.12.1	Stillingar á tilkynningum	41	10.2.1	Opna valmyndina Destinations (ákvörðunarstaðir).....	47	10.9.1	Kortastillingar opnaðar.....	57
8.12.2	Kveikt/slökkt á Tune Start (spila frá byrjun)	41	10.2.2	Innsláttur á heimilisfangi	48	10.9.2	Kortastillingar	58
8.13	Bilanagreining.....	42	10.2.3	Velja áhugaverðan stað	49	10.9.3	Fleiri kortastillingar	58
9 Miðlaspilun	43	10.2.4	Innsláttur á hnitum	50	10.10	Stillingar gerðar fyrir leiðsögn og öryggi	60	
9.1	Að velja miðlarás	43	10.2.5	Val á ákvörðunarstað af korti.....	51	10.10.1	Leiðsagnarstillingar opnaðar	60
9.2	Hljóð-/myndbandsglugginn opnaður ..	43	10.2.6	Val á fyrri ákvörðunarstað eða ákvörðunarstað sem vistaður er sem eftirlæti	51	10.10.2	Stillingar fyrir leiðsögn og öryggi	61
9.3	Hljóðspilun	43	10.3	Upplýsingagluggi um stað	51	10.11	Gerð sérsniðinna kjörstillinga fyrir leið	61
9.3.1	Hljóðglugginn	43	10.3.1	Svæði í upplýsingaglugganum um stað.....	52	10.11.1	Kjörstillingar leiðar opnaðar	61
9.3.2	Setja spilun á pásu	44	10.3.2	Valkostir í upplýsingaglugga um stað	52	10.12	Kjörstillingar leiðar	62
9.3.3	Hoppa yfir á næsta/fyrri titil.....	44	10.4	Vista heimilisfangið þitt.....	53	10.13	Stillingar fyrir umferðarupplýsingar	63
9.3.4	Val á titlum í miðlavafra	44	10.5	Innsláttur á leiðarpunkti	53			
9.3.5	Hraðspólun áfram/afturábak	44	10.6	Breyting á ákvörðunarstað þegar leiðsögn er í gangi	53			
			10.7	Kortasýn og kortavalkostir	54			

10.13.1 Valmyndin Traffic information settings (stillingar fyrir umferðarupplýsingar) opnuð.....	63	11.13 Frekari stillingar.....	73
10.13.2 Stillingar fyrir umferðarupplýsingar .	64	11.13.1 Hringitönn farsímans	73
10.14 Tilgreina kennistærðir ökutækis	64	11.13.2 Flokkunarröð símaskrár.....	73
10.14.1 Valmyndin kennistærðir ökutækis opnuð.....	64	12 Myndavélar..... 74	
10.14.2 Stillingar ökutækis.....	65	12.1 Núverandi mynd myndavélar sýnd ..	74
10.15 Birta upplýsingar um núverandi staðsetningu.....	66	12.2 Val á mynd tiltekinnar myndavélar fyrir bílstjórasvæðið	74
10.16 Eigin áhugaverðir staðir.....	66	12.3 Mynd baksýnismyndavélar sýnd	74
10.16.1 Data format (gagnasnið).....	66	12.4 Val á mynd tiltekinnar myndavélar fyrir farþegasvæði.....	75
10.16.2 Stillingar fyrir áhugaverðu staðina mína	67	12.5 Kveikt/slökkt á mynd myndavélar fyrir farþegasvæði	75
10.17 Endursetja leiðsagnarstillingar	68	13 Raddstýring..... 76	
11 Kallkerfi og sími 69		13.1 Raddstýring – hefja/stöðva	76
11.1 Kallað í kallkerfi	69	13.2 Svona virkar raddstýring	76
11.2 Ræsa símaham	69	13.2.1 Aðalvalmyndin.....	76
11.3 Skipt á milli síma- og kallkerfishams	69	13.2.2 Raddskipanir.....	77
11.4 Símavalmyndin	69	13.2.3 Valmynd stjórnhams opnuð	77
11.5 Svara/hafna símtali.....	70	13.2.4 Val af lista	77
11.6 Á meðan símtali stendur.....	70	13.3 Hjálp fyrir raddstýringu	77
11.7 Hringja í númer.....	70	14 Áhugaverðir staðir – yfirlit yfir tákn..... 78	
11.8 Hringja í tengilið úr símaskránni.....	71	15 Tækniupplýsingar 79	
11.9 Hringt í númer á símtalalista	71		
11.9.1 Tónvalseiginleiki (DTMF)	71		
11.10 Annað símtal.....	71		
11.10.1 Önnur innhringing í sama tæki	71		
11.10.2 Skipt á milli tveggja símtala.....	71		
11.10.3 Önnur innhringing í öðru tæki	72		
11.11 SMS textaskilaboð	72		
11.11.1 Lesa textaskilaboð sem berast.....	72		
11.11.2 Birta textaskilaboð sem berast – kveikt/slökkt	72		
11.12 Virkjun á raddstýringarkerfi tengda farsímans.....	72		

1 Upplýsingar um regluverk

1.1 Útfærsla fyrir EU (7 620 350 070)

Fyrir Evrópusambandið

Robert Bosch GmbH lýsir því hér með yfir að útvarpsbúnaðurinn af gerðinni Center CM-C 19 uppfyllir tilskipun 2014/53/ESB.

Heildartexta samræmisyfirlýsingar
ESB má finna á eftirfarandi veffangi:
www.bosch-professional-systems.com

- ▶ Tíðnisvið
2.400 – 2.480 MHz
- ▶ Útgeislun (EIRP)
Bluetooth ≤ 2,5 mW
- ▶ Ábendingar/takmarkanir
 - Innvært loftnet: Notandinn hefur ekki aðgang að innværa loftnetinu.
 - Allar breytingar af hálfu notandans munu brjóta gegn lagalegu samþykki vörunnar.

Fyrir Bretland

Hereby, Robert Bosch GmbH declares that the radio equipment type Center CM-C 19 is in compliance with the relevant statutory requirements. The full text of the declaration of conformity is available at the following internet address:
www.bosch-professional-systems.com

1.2 NAFTA variant (7 620 350 071)

Fyrir Bandaríki Norður-Ameríku

Model name: Center CM-C 19

This device complies with part 15 of the FCC rules and with RSS-GEN of Innovation, Science and Economic Development Canada. Operation is subject to the following two conditions:

- (1) This device may not cause harmful interference, and
- (2) this device must accept any interference received, including interference that may cause undesired operation.

Changes or modifications made to this equipment not expressly approved by Robert Bosch GmbH may void the FCC authorisation to operate this equipment.

NOTE: This equipment has been tested and found to comply with the limits for a class B digital device, pursuant to part 15 of the FCC rules. These limits are designed to provide reasonable protection against harmful interference in a residential installation. This equipment generates, uses, and can radiate radio frequency energy and, if not installed and used in accordance with the instructions, may cause harmful interference to radio communications.

However, there is no guarantee that interference will not occur in a particular installation. If this equipment does cause harmful interference to radio or television reception, which can be determined by turning the equipment off and on, the user is encouraged to try to correct the interference via one or more of the following measures:

- ▶ Reorient or relocate the receiving antenna.
- ▶ Increase the separation between the equipment and receiver.
- ▶ Connect the equipment to an outlet on a circuit different from that to which the receiver is connected.
- ▶ Consult the dealer or an experienced radio/TV technician for help.

This equipment should be installed and operated with a minimum distance of 20 cm between the transmitter and your body. This transmitter must not be co-located or operating in conjunction with any other antenna or transmitter.

Fyrir Kanada

Model name: Center CM-C 19

This device contains licence-exempt transmitter(s)/receiver(s) that comply with Innovation, Science and Economic Development Canada's licence-exempt RSS(s). Operation is subject to the following two conditions:

- (1) This device may not cause harmful interference, and

- (2) this device must accept any interference received, including interference that may cause undesired operation.

L'émetteur/récepteur exempt de licence contenu dans le présent appareil est conforme aux CNR d'Innovation, Sciences et Développement économique Canada applicables aux appareils radio exempts de licence. L'exploitation est autorisée aux deux conditions suivantes:

- (1) L'appareil ne doit pas produire de brouillage préjudiciable;
- (2) L'appareil doit accepter tout brouillage radioélectrique subi, même si le brouillage est susceptible d'en compromettre le fonctionnement.

1.3 Útfærsla fyrir Mexíkó (7 620 350 076)

Fyrir Mexíkó

IFT/IFETEL: RCPBOCE20-0672

Marca: Bosch

Modelo: Center CM-C 19

La operación de este equipo está sujeta a las siguientes dos condiciones:

- (1) este equipo no puede causar interferencias perjudiciales y
- (2) este equipo debe aceptar cualquier interferencia recibida, incluyendo las que puedan causar un funcionamiento no deseado.

2 Tákn sem notuð eru í skjalinu

Tákn, sem birtast með texta í gráum reit, eru viðvaranir og gefa ávallt til kynna aðsteðjandi eða mögulega hættu fyrir notandann og/eða annað fólk og/eða eignatjón:



Tilkynning um öryggi

Viðvörðun um:

- aðsteðjandi hættu sem getur valdið alvarlegu líkamstjóni eða dauða.
- hugsanlegar hættuaðstæður sem geta valdið alvarlegu líkamstjóni eða dauða.
- hugsanlegar hættuaðstæður sem geta valdið líkamstjóni eða eignatjóni.



Mikilvæg athugasemd:

Varar við hugsanlegum hættuaðstæðum þar sem tækið eða aðrir nálægir hlutir geta orðið fyrir skemmdum.

Auk þessara viðvarana eru eftirfarandi tákn einnig notuð:



Athugasemd:

Frekari upplýsingar um notkunina og aðrar gagnlegar upplýsingar.

- Verklag í einu skrefi – leiðbeiningar fyrir verklag sem framkvæma má í einu skrefi

- Áherslumerktur listi

Skáletrun eins og *Balance* (jöfnun) gefa til kynna hluti eins og heiti á valmynd eða valmyndaratriði.

Feitletrun eins og **Language** (tungumál) gefa til kynna hnapp eða valmyndaratriði sem hægt er að ýta á til að fara á aðgerð eða birta frekari kosti.

3 Mikilvægar upplýsingar

Vinsamlegast lesið þessar leiðbeiningar vandlega og kynnið ykkur tækið vel og vandlega áður en notkun þess er hafin. Geymið þessar leiðbeiningar í ökutækinu til hliðsjónar í framtíðinni.

Ætluð notkun

Það verður að setja Center CM-C 19 í 1-DIN hólfi með rými fyrir 2-DIN framhliðar í mælaborði hópþreifreiðar.

Vinnsluspenna tækisins kemur frá Amplifier CM-A 19.

Ekki skal nota tækið í neinu öðru umhverfi né í fyrirhuguðu umhverfi sem hættu getur stafað af t.d. vegna skemmda eða bilunar.



Öryggi í akstri

- ▶ Aðeins ökumenn, sem menntun sem atvinnubilstjórar, mega nota tækið.
- ▶ Aðeins má nota tækið þegar akstursskilyrði og ástand umferðar býður upp á slíkt. Áður en tækið er notað skal gæta þess að engin hættu, hindranir eða óþægindi séu til staðar fyrir þig, farþega þína eða aðra vegfarendur. Ávallt skal fara eftir umferðarreglum.
- ▶ Það verður að nota tækið þannig að öryggi ökutækisins í akstri sé ávallt tryggt. Ef vafi leikur á þarf að nema staðar og nota tækið meðan ökutækið er í kyrrstöðu.
- ▶ Þú verður ávallt að geta heyrt í tæka tíð í sírenum lögreglu, slökkviliðs og sjúkrabíla innan úr ökutækinu. Af þessum ástæðum skal gæta þess, við notkun tækisins, að hljóðstyrkurinn sé stilltur með viðeigandi hætti fyrir akstursskilyrðin og umferðaraðstæðurnar.
- ▶ Notið tækið ekki fyrir hljóðnematilkynningar í neyð.



- ▶ Notkun leiðsögukerfisins leysir ökumanninn ekki undan þeirri ábyrgð að haga akstri sínum með viðeigandi og aðgætnum hætti. Það verður ávallt að fylgja viðeigandi umferðarreglum. Ef fyrirmæli leiðsögukerfisins stangast á við umferðarreglur eiga umferðarreglurnar ávallt við.
- ▶ Leiðsögukerfið er sérhannað fyrir flutningabifreiðar. Það getur verið að ekki hafi verið tekið tillit til sérstakra upplýsinga eða takmarkana sem eiga við um hópþreifabifreiðar.
- ▶ Það getur verið að leiðsöguleiðbeiningar tækisins séu ekki fullkomlega réttar. Gangið úr skugga um að allur akstur sé löglegur og öruggur til að koma í veg fyrir slys.



Hætta á raflosti eða eldsvoða

Ef tækið er tekið í sundur getur það valdið raflosti eða eldsvoða. Opnið ekki tækið.

**Bilanir**

Notið ekki tækið ef bilana verður vart eins og ef skjáinn frýs eða hljóðgæði eru léleg. Ef bilað tæki er notað áfram getur það valdið slysum, eldsvoða eða raflosti.

Mikilvæg athugasemd:

Í biðstöðuham getur tækið tæmt rafgeyminn ef vél ökutækisins er ekki í gangi. Frekari upplýsingar um þetta er að finna í kaflanum „4.2 Kveikt/slökkt á tækinu“ (síða 11).

- Notið aðeins tengisnúru og útvær tæki sem henta hvað varðar öryggi, rafsegulviðssamhæfi og skermun.
- Tækið má ekki komast í snertingu við heita eða brennandi hluti (t.d. sígarettur).

**Athugasemd:**

Sumir dílar á skjánum eru dekkri eða bjartari en aðrir. Slíkt er alltaf til staðar á skuggstafaskjám og er ekki bilun.

3.1 Upplýsingar um þrif

- Notið aldrei harða eða beitta hluti til að þrifa tækið sem geta skemmt hlífðarglerið eða umgjörðina.
- Notið ekki ágeng hreinsiefni eins og þynna, bensín, svarfefni, úðahreinsa, súrar eða basískar lausnir eða vax.
- Úðið ekki vökva á tækið.
- Til að þrifa umgjörðina og hlífðarglerið/skjáinn skal væta mjúka tusku með volgu vatni og strjúka af óhreinindi. Gangið úr skugga um að enginn vökvi berist inn í skjáinn. Síðan skal þerra hreinsaða yfirborðið með hreinni, þurri tusku.

4 Notkun

4.1 Stýringar snertiskjás



Mikilvæg athugasemd:


Notið ekki oddhvassa eða harða hluti eins og kúlupenna eða blýanta við notkun snertiskjásins.



Athugasemd:

Myndirnar í þessari handbók af skjám og framborði tækisins eru aðeins til viðmiðunar. Skjáirnir, sem hér eru sýndir, kunna að víkja frá raunverulegum skjáum tækisins.

Tækið býr yfir snertiskjá fyrir alla stjórnun:



Ef þú vilt nota stjórnbúnað eins og skjáhnapp þarftu bara að ýta varlega á viðkomandi svæði á yfirborði skjásins. Þú þarft ekki að beita þrýstingi á yfirborð skjásins.

4.1.1 Ýtt á skjáinn

- ▶ Ýtt stuttlega: Það nægir yfirleitt að ýta stuttlega á yfirborð skjásins til að nota allar stýringar.
- ▶ Ýtt lengi: Sumar aðgerðir krefjast þess að ýtt sé lengi. Í slíku tilviki skal halda fingurgóminum á yfirborði skjásins í um 2 sekúndur.

4.1.2 Rennt yfir skjáinn

Sumar aðgerðir krefjast þess að þú rennir fingrinum yfir yfirborð skjásins, t.d.:

- ▶ til að skipta á milli heimavalmyndar bílstjórassvæðis og farþegasvæðis.
- ▶ til að skruna í listum og flipum.
- ▶ til að stilla sleða (t.d. framvindustiku fyrir spilun á miðli).

Ýtið á yfirborð skjásins og látið fingurinn hvíla á yfirborðinu. Færið síðan fingurinn yfir yfirborðið.



Athugasemd:

Ýtið á svæði á skrunstikunni til að hoppa á viðeigandi hluta listans.

4.1.3 Þysjað í kortasýn



Athugasemd:

Þessi aðgerð á aðeins við ef tækið er búið leiðsögukerfi.

Setjið tvo fingur á kortasvæðið og látið fingurna hvíla á yfirborðinu. Færið síðan fingurna saman (þysjað út) eða í sundur (þysjað inn).

4.1.4 Skrunað á sýnilegu kortasvæði



Athugasemd:

Þessi aðgerð á aðeins við ef tækið er búið leiðsögukerfi.

Snertið kortasvæðið og látið fingurinn hvíla á yfirborðinu. Færið síðan fingurinn yfir yfirborðið til að skruna í kortahlutanum sem sýndur er.

4.2 Kveikt/slökkt á tækinu

Það kviknar eða slokknar sjálfkrafa á tækinu með kveikjúlás ökutækisins.



Athugasemd:

Við ræsingu kerfisins eða við fyrstu ræingu fara mismunandi einingar kerfishugbúnaðarins í gang hver á eftir annarri. Ef eining er enn ekki í boði sýnir viðkomandi reitur í heimavalmyndinni „Function not available“ (eiginleiki ekki í boði) og samsvarandi kerfisstillingar eru sýndar í gráum lit.

Til að stilla tækið í biðstöðuham,

- skal ýta á hnappinn kveikja/slökkva í um 5 sekúndur.
Í biðstöðuham er slökkt á skjánum og aðgerðir eru ekki í boði.

Til að stilla tækið aftur á venjulega notkun,

- skal ýta á hnappinn kveikja/slökkva.

4.3 Hljóðstyrkurinn stilltur

4.3.1 Hljóðstyrkur hækkaður/lækkaður

- Ýtið á valmyndarflipann á botninum.
- Ýtið á hnappinn **+** eða **–** í valmyndinni á botninum til að hækka eða lækka hljóðstyrkinn í þrepum.

4.3.2 Hljóð tekið af hljóðspilun

Til taka hljóð af/setja hljóð á hljóðspilun á virka svæðinu,

- skal ýta stuttlega á hnappinn kveikja/slökkva eða
- ýta á valmyndarflipann á botninum og,
- ýta á hnappinn í botnvalmyndinni.


4.4 Heimavalmynd fyrir bílstjórassvæði og farþegasvæði

Heimavalmyndir bílstjórassvæðisins og farþegasvæðisins veita þér aðgang að öllum helstu vinnslustillingunum.

4.4.1 Heimavalmynd fyrir bílstjórassvæðið

- Ýtið á hnappinn kveikt/slökkt í um 3 sekúndur til að opna heimavalmyndina.
- Ef heimavalmynd farþegasvæðisins er sýnd,
- skal renna fingrinum til hægri (sjá næsta hluta) til að skipta yfir á heimavalmynd bílstjórassvæðisins.

Aðalstjórnhamir bílstjórassvæðisins birtast:




Til að fara í viðeigandi aðalham í vinstri dálkinum,

- skal renna fingrinum upp eða niður ef þörf krefur.



Athugasemd:

Ef tækið þitt er aðeins með fjórum aðalstjórnhömum fyrir bílstjórassvæðið eru allir samsvarandi gluggareitir aðgengilegir án þess að renna þurfi fingrunum.




4.4.2 Heimavalmynd fyrir farþegasvæði

- ▶ Ýtið á hnappinn kveikt/slökkt í um 3 sekúndur til að opna heimavalmyndina.

Ef heimavalmynd bílstjórasvæðisins er sýnd,

- ▶ skal renna fingrinum til vinstri (sjá næsta hluta) til að skipta yfir á heimavalmynd farþegasvæðisins.


Aðalstjórnhamir farþegasvæðisins birtast:



4.4.3 Skipt á milli heimavalmynda

Til að skipta á milli heimavalmynda bílstjórasvæðisins og heimavalmynda farþegasvæðisins,

- ▶ renna fingrinum til vinstri (heimavalmynd farþegasvæðis birtist) eða
- ▶ renna fingrinum til hægri (heimavalmynd bílstjórasvæðis birtist).



Athugasemdir:

- ▶ Einnig er hægt að skipta á milli heimavalmynda farþegasvæðisins og bílstjórasvæðisins með því að ýta á hnappinn kveikja/slökkva í um 3 sekúndur.
- ▶ Ef kerfið þitt styður tvö farþegasvæði skal renna fingrunum tvisvar sinnum til vinstri til að fara af bílstjórasvæðinu og yfir á seinna farþegasvæðið og tvisvar til hægri til að fara aftur á bílstjórasvæðið.

4.4.4 Beint aðgerðaval í heimavalmynd




Athugasemd:

Það getur verið að tiltekna aðgerðir séu ekki í boði ef

- ▶ ef slökkt er á kveikjúlásnum,
 - ▶ ef kerfið er ekki grunnstíllt fyrir slíkt eða
 - ▶ það vantar nauðsynlega kerfishluta í ökutækið þitt.
- Í slíku tilviki sýna viðeigandi gluggareitir heimavalmyndarinnar „Function not available“ (is. aðgerð ekki í boði).

Gluggareiturinn *Radio* (útvarp)




- Upplýsingar um gluggareitinn *Radio* (útvarp):
- Núverandi útvarpslind (t.d. FM, AM)
 - TA-tákn (forgangsstaða umferðarskilaboða)
 - Tákn um að slökkt sé á hljóði
 - Upplýsingar um núverandi útvarpsstöð (t.d. tíðni og heiti stöðvar)

Aðgerðir gluggareitsins *Radio* (útvarp):

- Ýtt er á tákn (1) til að skipta á milli útvarpsins og síðasta miðils.
- Ýtið á titilstikuna (2) til að sýna miðla og útvarpsenda í boði og til að velja annan hljóðgjafa.
- Ýtið á aðalhlutann (3) til að kalla fram útvarpið eða miðilinn sem er í spilun.
- Ýtið á hnappinn ◀ eða ▶ (4) til að hefja sjálfvirka stöðvarleit.
- Ýtið á hnappinn **SCAN** (is. skima) (5) til að hefja skimun á stöðvum.

Gluggareiturinn *Media* (miðlar)



Upplýsingar um gluggareitinn *Media* (miðlar):

- Núverandi miðlalind (t.d. USB)
- TA-tákn (forgangsstaða umferðarskilaboða)
- Tákn um að slökkt sé á hljóði
- Upplýsingar um núverandi miðlatitil (t.d. titil og heiti listamanns)

Aðgerðir gluggareitsins *Media* (miðlar):

- Ýtið á tákn (1) til að fara yfir á útvarpsspilun.
- Ýtið á titilstikuna (2) til að sýna miðla og útvarpsenda í boði og til að velja annan hljóðgjafa.
- Ýtið á aðalhlutann (3) til að kalla fram miðilinn sem er í spilun.
- Ýtið á hnappinn ◀ eða ▶ (4) til að hoppa yfir á fyrri eða næsta titil.
- Ýtið á hnappinn || / ▶ (5) til að gera pásu/halda spilun áfram.

Gluggareiturinn *Navigation* (leiðsögn)



Athugasemd:

Aðeins í boði fyrir bílstjórasvæði.



Upplýsingar um gluggareitinn *Navigation* (leiðsögn):

- Núverandi götuheiti
- Tákn næstu aðgerðar
- Áætlaður komutími
- Fjarlægð til áfangastaðar

Aðgerðir gluggareitsins *Navigation* (leiðsögn):


- Ýtið á táknið (1) til að gera pásu á eða halda áfram leiðsögn sem þegar var í gangi.
- Ýtið á titilstikuna (2) til að opna valmyndina *Destinations* (ákvörðunarstaðir). Ef engin leiðsögn er virk opnast flipinn *New* (nýr). Ef leiðsögn er virk er opnast flipinn *Route* (leið).
- Ýtið á aðalsvæðið (3) til að til að birta kortið.

Gluggareiturinn *Phone* (sími)



Athugasemd:

Aðeins í boði fyrir bílstjórasvæði.




Upplýsingar um gluggareitinn *Phone* (sími):

- Heiti tengda farsímans
- Upplýsingar um ósvöruð símtöl
- Upplýsingar um stöðu símans (t.d. styrk merkis)
- Staða rafhlöðu

Aðgerðir gluggareitsins *Phone* (sími):

- Ef margir símar eða einn eða fleiri símar og kallkerfið um borð eru tengdir skal ýta á táknið (1) til að skipta á milli tengdu símanna eða á milli tengda símans(anna) og samskiptakerfisins um borð (kallkerfisins).
- Ýtið á titilstikuna (2) til að birta Bluetooth- og kallkerfissíma í boði og veljið annan síma ef þörf krefur.
- Ýtið á aðalhlutann (3) til að fara í valmyndina *Calls* (símtöl) eða ef enginn sími er tengdur, valmyndina *Select Bluetooth device* (val á Bluetooth-tæki).

Gluggareiturinn *Camera* (myndavél)



Upplýsingar um gluggareitinn *Camera* (myndavél):

- Myndavél sem er valin á þessari stundu

Aðgerðir gluggareitsins *Camera* (myndavél):

- Aðeins fyrir farþegasvæðið: Ýtið á táknið (1) til að kveikja eða slökkva á spilun myndavélarinnar, sem er í gangi, á farþegasvæðinu.
- Ýtið á titilstikuna (2) til að birta myndavélar í boði velja aðra myndavél, ef þörf krefur.


- Ýtið á aðalsvæðið (3) til að birta mynd frá núverandi myndavél eða birta myndavélar í boði fyrir farþegasvæðið.

Gluggareiturinn *Map* (kort)



Athugasemd:

Aðeins í boði fyrir farþegasvæði.



Aðgerðir gluggareitsins *Map* (kort):


- Ýtið á táknið (1) eða titilstikuna (2) til að birta eða fela leiðsagnarkort á farþegasvæðinu.




Athugaðu:

Ekki er hægt að nota þrívíddarkort á meðan leiðsögn er sýnd á „Glasses CM-G“ / eiginleikinn „Map out“ (Leiðsögukort) er virkur (sprettipluggi er sýndur á skjánum).

4.4.5 Valmyndin á botninum



- ▶ Ýtið á flipann neðst á skjánum.



Athugasemd:

Það fer eftir því hvort þú opnar kerfisaðgerðirnar af heimavalmyndinni fyrir bílstjórasvæðið eða farþegasvæðið hvort valin aðgerð vísi til samsvarandi svæðis.

- ▶ Ýtið á til að gera tilkynningu í hljóðnema.
 - ▶ Ýtið á til að opna kerfisstillingarnar.
 - ▶ Ýtið á til að hefja raddstýringu (aðeins ef bílstjórasvæðið er virkt).
 - ▶ Ýtið á til að fara aftur á heimavalmyndina.
 - ▶ Ýtið á til að taka hljóð af eða setja á hljóð á bílstjórasvæðinu.
- Til að hækka eða lækka hljóðstyrkinn í þrepum,
- ▶ ýtið á + eða – á hljóðstýringunni.

4.5 Birting á aðalstjórnhöfum



Athugasemd:


Upplýsingar um aðgerðir aðalstjórnhama má finna í viðeigandi köflum í handbókinni.

4.5.1 Hlusta á útvarp og spila miðla

Skjárin FM-útvarp:



Skjárin USB:



4.5.2 Sími

Símavalmynd, listinn *Calls* (símtöl):

Phone X		
Calls	Contacts	Dial pad
Contact 017	2	12-06-2021
Contact 002	1	12-06-2021
Contact 005	1	11-06-2021
Contact 103	4	07-06-2021
Contact 001	1	29-05-2021



Athugasemd:

Ef síminn þinn býður upp á slíkt mun listinn *Calls* (símtöl) sýna númer eða nafn tengiliðar, sem hringdi, og símanúmer sem hringt var úr.

4.5.3 Leiðsögn



Athugasemd:

Á aðeins við ef tækið er búið leiðsögukerfi.

Kortasýn:



4.5.4 Skipt á milli glugga aðalstjórnhamma

Hægt er að skipta af glugga eins aðalstjórnhamms beint yfir í glugga annars aðalstjórnhamms:

- ▶ Ýtið á viðeigandi hnapp á efstu brún skjásins.



4.6 Hljóðstillingar

Til að breyta hljóðstillingum,

- ▶ ef þörf krefur skal fyrst opna heimavalmynd fyrir viðeigandi svæði (bílstjórassvæði, farþegasvæði).

- ▶ Ýtið á flipann neðst á skjánum.

- ▶ Ýtið á hnappinn ⚙.

Kerfisstillingarnar birtast.

- ▶ Ýtið á **Sound settings** (hljóðstillingar).



Athugasemdir:

- ▶ Hljóðstillingar fyrir bílstjórassvæðið og farþegasvæðið bjóða upp á mismunandi kjörstillingar.
- ▶ Til að skruna í gegnum stillingar í boði skal ýta á listasvæðið og strjúka upp eða niður.
- ▶ Ýtið á ↶ til að fara á hærri valmyndarstig eða yfirgefa valmyndina.

4.6.1 Hljóðstillingar bílstjórassvæðis

1. valmyndarstig	2. valmyndarstig	3. valmyndarstig	Aðgerð
Sound settings (Hljóðstillingar)	Bass (bassi)		► Ýtið á — eða + til að lækka eða hækka gildið.
	Treble (diskant)		► Ýtið á — eða + til að lækka eða hækka gildið.
	Balance (jafnvægi)		► Ýtið á < / > til að færa hljóðið til vinstri eða hægri.
	Equaliser presets (Forstillingar tónjafnara)	Flat (flatt)	Veljið forstillt hljóðjafnarnasnið. ► Ýtið á viðeigandi forstillingu.
		:	
	Speed-dependent volume control (Stýring á hljóðstyrk út frá hraða)	Jazz (jazz)	Þessi aðgerð stillir hljóðstyrk hljóðkerfis farþegasvæðisins sjálfkrafa eftir ökuhraða og hávaða sem tengist akstrinum. Til dæmis er hljóðstyrkurinn aukinn sjálfkrafa á hærri hraða til að bæta upp fyrir aukin ökuhljóð. ► Ýtið á viðeigandi valkost.
		Off (Slökkt)	
		Level 1 (1. stig)	
		Level 2 (2. stig)	
	Min. on volume (lágmarkshljóðstyrkur)	Level 3 (3. stig)	Stillið lágmarks-/hámarkshljóðstyrk kerfisins þegar kveikt er á tækinu. ► Ýtið á — eða + til að lækka eða hækka gildið.
		Max. on volume (hámarkshljóðstyrkur)	
	Private-mode mix volume (blandaður hljóðstyrkur í einkaham)		Stillið dreifingu á hljóðstyrk á milli símtala í gegnum hátalarann í höfuðpúðanum og spilun á bakgrunnshljóði yfir hátalara bílstjórassvæðisins. ► Ýtið á — eða + til að lækka eða hækka gildið.
	Private mode (einkahamur)	Private mode off (slökkt á einkaham)	Gerið einkahaminn (aðeins tilteknir hljóðgjafar eru spilaðir í hátalara höfuðpúða) óvirkan eða veljið stig fyrir einkaham: ► <i>Private communication mode</i> (einkasamskiptahamur) (sjálfgefinn hamur): Phone calls, intercom calls (símtöl, kalltæki) ► <i>Private communication and driver assistance mode</i> (hamur fyrir einkasamskipti og aðstoð við ökumann): Símtöl, köll í kallkerfi, leiðsögn og umferðartilkynningar, raddsamskiptakerfi ► Ýtið á viðeigandi valkost.
		Private communication mode (einkasamskiptahamur)	
		Private communication and driver assistance mode (hamur fyrir einkasamskipti og aðstoð við ökumann)	
:			

4.6.2 Hljóðstillingar farpegasvæðis

1. valmyndarstig	2. valmyndarstig	3. valmyndarstig	Aðgerð
Sound settings (Hljóðstillingar)	Bass (bassi)		▶ Ýtið á eða til að lækka eða hækka gildið.
	Treble (diskant)		▶ Ýtið á eða til að lækka eða hækka gildið.
	Fader (dvínun)		▶ Ýtið á / til að færa hljóðið í átt að framhluta eða afturhluta.
	Min. on volume (lágmarkshljóðstyrkur)		Stillið lágmarks-/hámarkshljóðstyrk kerfisins þegar kveikt er á tækinu. ▶ Ýtið á eða til að lækka eða hækka gildið.
	Max. on volume (hámarkshljóðstyrkur)		
	Cabin-mode mix volume (blandaður hljóðstyrkur í farpegasvæðisham)		Stillið dreifingu á hljóðstyrk á milli tilkynninga í hljóðnema, sem spilaðar eru í hátölurum farpegasvæðisins, og bakgrunnshljóðspilunar (lág. blandaður hljóðstyrkur: bakgrunnshljóð er af; hám. blandaður hljóðstyrkur: bakgrunnshljóð er spilað á fullum hljóðstyrk). Athugið: Það er alltaf slökkt á bakgrunnshljóði við tilkynningar ökumanns í hljóðnema. ▶ Ýtið á eða til að lækka eða hækka gildið.
	Microphone beep volume (píphljóðstyrkur hljóðnema)		▶ Ýtið á eða til að lækka eða hækka gildið.
:			

4.7 Stillingar skjás, klukku og tungumál

Til að gera stillingar fyrir skjá, klukku og tungumál,



- ▶ skal fyrst opna heimavalmyndina fyrir bílstjórasvæðið, ef þörf krefur.

- ▶ Ýtið á flipann neðst á skjánum.
- ▶ Ýtið á hnappinn .
- Kerfisstillingarnar birtast.
- ▶ Ýtið á viðeigandi valkost.



Athugasemdir:


- ▶ Til að skruna í gegnum stillingar í boði skal ýta á listasvæðið og strjúka upp eða niður.
- ▶ Ýtið á til að fara á hærra valmyndarstig eða yfirgefa valmyndina.

1. valmyndarstig	2. valmyndarstig	3. valmyndarstig	Aðgerð
:			
Display (skjár)	Brightness (birta)		Stillið handvirkt birtustig skjás fyrir núverandi ham. ► Ýtið á  eða  til að hækka eða lækka gildið.
	Mode (hamur)	Day (dagur)	Veljið valkost: ► <i>Day</i> (dagur): Dagshamur ► <i>Night</i> (nótt): Næturhamur ► <i>Automatic</i> (sjálfvirkt): Ef ökutækið þitt býður upp á slíkt skiptir skjárinn sjálfkrafa á milli dags- og næturhams. ► Ýtið á viðeigandi valkost.
		Night (nótt)	
		Automatic (sjálfvirkt)	
Clock (klukka)	Date format (dagsetningarsnið)	dd-mm-yyyy (dd-mm-áááá)	Valið dagsetningarsnið vísar til framsetningar dagsetningar, t.d. í listanum <i>Calls</i> (símtöl) í símahamnum. ► Ýtið á viðeigandi valkost.
		:	
		Dd.mm.yyy (dd.mm.áááá)	
	Time format (tímasnið)	12 h	The selected time format refers to the display of the time, e.g. in the home menu. ► Tap the desired option.
		24 h	
	Clock setting mode (hamur klukkustillingar)	Automatic (sjálfvirkt)	► Ýtið á viðeigandi valkost. Ef valið er <i>Manual</i> (handvirkt) eru valkostir fyrir handvirka stillingu tímans sýndir.
		Manual (handvirkt)	
Language (tungumál)	UK English (bresk enska)		Veljið tungumál tækisins. ► Ýtið á viðeigandi valkost.
	:		
	Türkçe		
:			

4.8 Frekari kerfisstillingar


Til að breyta kerfisstillingunum,

- skal fyrst opna heimavalmyndina fyrir bílstjórasvæðið, ef þörf krefur.

- Ýtið á flipann neðst á skjánum.
- Ýtið á hnappinn .
- Kerfisstillingarnar birtast.
- Ýtið á viðeigandi valkost.



Athugasemdir:


- Til að skruna í gegnum stillingar í boði skal ýta á listasvæðið og strjúka upp eða niður.
- Ýtið á  til að fara á hærra valmyndarstig eða yfirgefa valmyndina.

1. valmyndarstig	2. valmyndarstig	3. valmyndarstig	Aðgerð
:			
Unit of measurement (mælieining)	Imperial (breskt mælieiningakerfi) Metric (metrakerfi)		Tækið getur notað metrakerfi eða breskar mælieiningar (imperial). ► Ýtið á viðeigandi valkost.
Lock keypad while driving (lyklaborði læst við akstur)			Stillir hvort gera eigi lyklaborðið óvirkt þegar ökutækið er á ferð. Ef hraðalásinn er virkur er aðeins hægt að nota lyklaborðin þegar ökutækið er kyrrstætt. ► Ýtið á <i>Lock keypad while driving</i> (lyklaborði læst við akstur) til að kveikja/slökkva á valkostinum.
Open-source software (opinn hugbúnaður)			Skoða upplýsingar um opinn hugbúnað, sem tækið notar, og hugsanleg leyfi sem honum tengjast. ► Ýtið á valkostinn.
Reset to user defaults (Endurstilla á sjálfgefnar stillingar notanda)			Krafist er staðfestingar til að endurstilla stillingar.
Software version (hugbúnaðarútgáfa)	Center CM-C 19 : <Hlutur N>		Skoða innsetta hugbúnaðarútgáfu kerfishluta. ► Ýtið á viðeigandi kerfishluta til að skoða hugsanleg villuskilaboð.
Vehicle configuration (grunnstilling ökutækis)	<Grunnstillingarkenni ökutækis> <Útgáfa grunnstillingar> <Útgáfa grunnstillingarvélar>		Skoða tilvísunarupplýsingar um grunnstillingu Coach Infotainment-kerfis ökutækisins.

1. valmyndarstig	2. valmyndarstig	3. valmyndarstig	Aðgerð
Data carrier version (útgáfa gagnabera)			Skoða útgáfu innsettra kortagagna.
Serial number (raðnúmer)			Skoða raðnúmer kerfisins.
Software update (hugbúnaðaruppfærsla)			Sjá kaflahlutann „Hugbúnaðaruppfærsla“ hér á eftir.
Software update history (uppfærslusaga hugbúnaðar)	<Uppfærsla 1>	<Upplýsingar um uppfærslu 1>	Skoða upplýsingar um uppfærslur á tækjum kerfisins.
	:		
	<Uppfærsla N>	<Upplýsingar um uppfærslu N>	
Switch on/off Bluetooth (kveikja/ slökkva á Bluetooth)			Gera Bluetooth virkt eða óvirkt. ► Ýtið á Switch on/off Bluetooth (kveikja/slökkva á Bluetooth) til að kveikja/slökkva á valkostinum.
Service menu (þjónustuvalmynd)	Þjónustuvalmyndin er varin aðgangsorði og aðeins í boði fyrir þjónustuaðila. Mikilvæg athugasemd fyrir þjónustuaðila: Ef hugbúnaðaruppfærsla er framkvæmd, ► má ekki rjúfa rafmagnið við uppfærslu á kerfinu. ► gætið þess að við uppfærslu á kerfinu er kerfið og baksýnismyndavélin ekki í boði.		

4.9 Stillingar skjás

Til að breyta stillingum á skjám í farþegarými,


- skal fyrst kalla upp heimavalmyndina fyrir farþegasvæðið, ef þörf krefur.
- Ýtið á flipann neðst á skjánum.
- Ýtið á hnappinn .

Kerfisstillingarnar birtast.

- Ýtið á **Glass settings** (stillingar skjás).



Athugasemdir:

- Til að skruna í gegnum stillingar í boði skal ýta á listasvæðið og strjúka upp eða niður.
- Ýtið á  til að fara á hærra valmyndarstig eða yfirgefa valmyndina.

1. valmyndarstig	2. valmyndarstig	3. valmyndarstig	Aðgerð
:			
Glass settings (stillingar skjás)	Monitor control (skjástýringar)	Auto (sjálfvirkt) On (Kveikt) Off (Slökkt)	Kveikið eða slökkvið á tengdum skjám eða veljið sjálfvirkan ham (kveikt/slökkt er sjálfvirkt á skjám, t.d. þegar spilun á myndbandi fer í gang/lýkur). ► Ýtið á viðeigandi valkost. Athugasemd: Skjár á snúningsfestingu munu fara sjálfkrafa niður eða upp þegar kveikt eða slökkt er á þeim.
:			

4.10 Tenging/ísetning á útværum tækjum og gagnageymslutækjum



Athugasemd:

Notið aðeins tengisnúru og útvær tæki sem henta hvað varðar öryggi, rafsegulsviðssamhæfi og skermun.

4.10.1 Almennar upplýsingar



Athugasemd:

Frekari upplýsingar um þau miðlasnið, sem studd eru, tæknilegar hömlur á skráarspilun, lýsiupplýsingar og forvinnslu á skrá mál finna í margmiðlunarleiðbeiningunum fyrir Coach Infotainment-kerfið sem finna má á:
www.bosch-professional-systems.com

Kerfið styður eftirfarandi miðlasnið:

- ▶ Hljóð:
 - MP3
 - WMA 9/10
 - AAC
 - WAV
 - Hljóðbækur
- ▶ Myndband í allt að 720p upplausn:
 - H.264/MPEG-4 AVC grunnlínusnið
 - MPEG-2

Eftirfarandi takmarkanir gilda um gögn sem geymd eru á útværum tækjum sem tengd eru í USB-tengið:

- ▶ Studd skráarkerfi:
 - FAT16/32
 - exFAT
 - NTFS
 - EXT3/4
 - HFS+
- ▶ Að hámarki er stutt við tíu möppur sem stigskiptar eru eftir dýpt.
- ▶ Hámarksmöppur: 2.500 í heild
- ▶ Hámarksskrár: 32.000 í heild
- ▶ Hámarksskrár fyrir hvert skráarsafn: 3.000 (fyrir utan undirmöppur)
- ▶ Hámarksstærð risageymslutækis: 500 GB
- ▶ Hámarkslengd vefslóðar/skráarslóðar: 1.024 bæti
- ▶ Viðeigandi eftirnöfn spilunarlista:
 - .m3u
 - .pls
 - .wpl
 - .asx

MP3

- ▶ Kóðöld
 - ISO/IEC 11172-3 (MPEG1 lag 3)
 - ISO/IEC 13818-3.2 (MPEG2 hljóð)
- ▶ Bitatíðni
 - 8 Kbps til 320 Kbps með CBR/VBR/ABR
- ▶ Sýnatökutíðni: 16, 22, 32, 44.1, og 48 kHz
- ▶ Rásir: mónó, stereó, joint stereó
- ▶ Skráareftirnafn: .mp3

- ▶ ID3 merki:
 - ID3 V1.0/V1.1, hámarkslengd 30 bæti
 - ID3 V2.2–V2.4, hámarkslengd 126 bæti

AAC

- ▶ Kóðöld
 - AAC-LC
 - HE-AAC
 - HE-AACv2
- ▶ Bitatíðni
 - 32 Kbps til 192 Kbps með VBR/CBR
- ▶ Sýnatökutíðni
 - Allt að 96 kHz

WMA

- ▶ Kóðöld
 - WMA 9
 - WMA 10
- ▶ Bitatíðni
 - 5 Kbps til 384 Kbps með VBR/CBR
- ▶ Sýnatökutíðni:
 - 8 kHz til 48 kHz
- ▶ Ekki er hægt að spila WMA-skrár með stafræna réttindavernd (DRM) frá tónlistarverslunum á netinu.
- ▶ Aðeins er hægt að spila WMA-skrár ef þær voru búnar til með Windows Media Playerútgáfum 9 eða 10.

4.10.2 USB-geymslumiðill/Apple-tæki

Almennar upplýsingar

- ▶ Útvær tæki, sem tengd eru við USB-tengið, verða að uppfylla tæknilýsingu fyrir USB-risageymsluflokk (USB MCS).
- ▶ Tæki, sem tengd eru með USB, eru studd samkvæmt USB-tæknilýsingu 2.0. Tæki með USB-tæknilýsingu 1.0 og 3.0 eru studd.
- ▶ Harðir diskar (HDD) eru venjulega ekki studdir.
- ▶ USB-tengistöðvar eru ekki studdar.

Tenging og fjarlæging á USB-geymslutæki eða Apple-tæki

- Til að tengja USB-geymslutæki eða Apple-tæki,
- ▶ skal tengja það við USB-tengið.
- Viðeigandi tilkynning birtist stuttlega á skjánum þegar tækið greinir USB-geymslumiðilinn eða Apple-tækið.
- Til að fjarlægja USB-geymslumiðil eða Apple-tæki,
- ▶ skal taka það úr USB-tenginu.
- Viðeigandi tilkynning birtist stuttlega á skjánum.

4.10.3 Tenging á tæki með Bluetooth



Athugasemdir:

- ▶ Þú getur tengt allt að tvö Bluetooth-tæki við tækið.
- ▶ Verklagið, sem fjallað er um í þessum kafla, gildir um Bluetoothfarsíma og Bluetooth-tæki, sem streyma hljóði, eins og Bluetooth Mp3 spilara.

Almennar upplýsingar

Tækið styður Bluetooth 4.2 og eftirfarandi Bluetooth-snið og staðla:

- ▶ A2DP 1.3
- ▶ AVRCP 1.6
- ▶ HFP 1.6
- ▶ MAP 1.1
- ▶ PBAP 1.1
- ▶ SPP 1.1
- ▶ vCards 2.1, 3.0

Kveikt á Bluetooth

- ▶ Ef þörf krefur skal fyrst kalla upp heimavalmyndina fyrir bílstjórassvæðið.
- ▶ Ýtið á neðsta valmyndarflipann og síðan á hnappinn .
- ▶ Ýtið á **Switch on Bluetooth** (kveikja á Bluetooth).

Það er kveikt á Bluetooth þegar hakið er sýnt í reitnum.

- ▶ Ýtið á  til að fara úr valmyndinni.


Valmyndin *Select Bluetooth device*

(val á Bluetooth-tæki) opnuð

- ▶ Í heimavalmyndinni skal, ef þörf krefur, ýta á tákn gluggareitsins *Intercom* (kallkerfi) til að skipta yfir á gluggareitinn *Phone* (sími).
- ▶ Ýtið á titilstiku gluggareitsins *Phone* (sími).

Valmyndin *Select Bluetooth device*

(val á Bluetooth-tæki) birtist:



Finna má eftirfarandi upplýsingar og stýringar í valmyndinni *Select Bluetooth device* (val á Bluetooth-tæki):





Athugasemd:

Tæki, sem eru tengd, eru alltaf fyrstu atriðin í tækislistanum.

- (1) Hnappurinn **Add device** (bæta við tæki): Hefja þörun á nýjum farsíma
- (2) Hnappurinn : Eyða þöruðum farsíma

(3) Bluetooth-aðgerðir sem tengingin styður:

- ▶  : Sími
- ▶  : Streyming á hljóði

(4) Bluetooth-heiti tækisins

Pörun og tenging á farsíma í fyrsta skipti

- ▶ Í valmyndinni *Select Bluetooth device* (val á Bluetooth-tæki) skal ýta á **Add device** (bæta við tæki) (8).

Tækið er nú tilbúið til tengingar (pörunar).

PIN-númer Bluetooth-tengingar tækisins er sýnt.

Næst skal fylgja fyrirmælunum á tækinu og farsímanum.



Athugasemdir:

- ▶ Bluetooth-heiti tækisins er „INF4CV“.
- ▶ Ef tíu farsímar eru þegar paraðir við tækið er ekki hægt að para fleiri farsíma. Í þessu tilviki skal fyrst eyða einhverjum pöruðu farsímanna (sjá kaflann „Eyða pöruðum farsíma“ (síða 25)).

Hægt er að koma á Bluetooth-tengingu með tvenns konar hætti. Farið að samkvæmt þeirri aðferð sem er notuð:



Athugasemd:

Frekari upplýsingar um uppsetningu á Bluetooth-tengingu farsímans má finna í leiðbeiningahandbók farsímans.

▶ Aðferð 1:

Framkvæmið uppsetningu tengingarinnar á farsímanum. Færið inn PIN-númerið, sem er sýnt, á farsímanum.

▶ Aðferð 2:

Farsíminn móttækur PIN-númer tækisins og sýnir það.

- ▶ Gætið þess að farsíminn sýni rétt PIN-númer og ýtið síðan á ✓.
- ▶ Staðfestið á farsímanum að koma eigi á tengingu.

Ef uppsetning tengingarinnar tókst mun farsíminn tengjast tækinu.



Athugasemdir:

- ▶ Ef tilraunin til tengingar mistekst birtist tilkynning. Reynið aftur að koma á tengingu frá farsímanum.
- ▶ Um leið og nýr farsími er tengdur tækinu er símaskránni og símtalalistum hlaðið niður af farsímanum og á tækið. Það fer eftir tengda farsímanum hversu lengi það tekur að hlaða niður símaskrána og símtalalista.

Tenging/aftenging á þegar pöruðum farsíma

Tækið geymir upplýsingar um tíu síðustu farsímana sem voru paraðir. Þessir farsímar eru sýndir í valmyndinni *Select Bluetooth device* (val á Bluetooth-tæki).

Til að aftengja tengdan farsíma, sem sýndur er á listanum,

- ▶ skal ýta á viðkomandi atriði í valmyndinni *Select Bluetooth device* (val á Bluetooth-tæki) og staðfestið skilaboðin sem birtast.


Til að tengja farsíma, sem sýndur er á listanum,

- ▶ skal ýta á viðkomandi atriði í valmyndinni *Select Bluetooth device* (val á Bluetooth-tæki).

Ef uppsetning tengingarinnar tókst mun farsíminn tengjast tækinu.

Eyða pöruðum farsíma

Til að eyða pöruðum farsíma,

- ▶ skal ýta á  (2) fyrir viðeigandi atriði í valmyndinni *Select Bluetooth device* (val á Bluetooth-tæki).
- ▶ Ýtið á ✓ til að staðfesta.

Valinn farsími er afparaður og honum eytt af listanum.

**Athugasemdir:**

- Ef farsíminn er afparaður á meðan símtal er í gangi er símtalið rofið. Síðan er hægt að halda símtalinu áfram á farsímanum ef farsíminn styður það.
- Þegar farsími er afparaður er símaskrá hans og símtalalistum einnig eytt af tækinu.
- Til að tengja farsímamann aftur við tækið skal fara að eins og lýst er í kaflahlutanum undir heitinu „Pörun og tenging á farsíma í fyrsta skipti“ (síða 25).

5 FM/AM útvarpshamur



Athugasemdir:


- AM-móttaka: Almennt bjóða kraftmikil AM-merki upp á stöðug hljóðgæði með lágu suði. En að næturlagi geta aðstæður í andrúmslofti stundum leitt til truflunar frá öðrum stöðvum.
- FM-móttaka: FM-tíðnisviðið býður upp á hæstu hljóðgæðin; en merkið getur orðið fyrir truflunum vegna:
 - takmarkaðs drægi sumra senda.
 - bjögunar af völdum merkja sem endurkastast af aðlægum byggingum og öðrum hindrunum.
 - „skuggasvæða“ þar sem móttaka merkisins er hindruð eða takmörkuð.
- HD Radio (útfærsla fyrir NAFTA): Það þarf að virkja HD Radio Technology til að taka á móti sendingum HD Radio. Það gerir þér kleift að taka á móti stafrænum útvarpssendingum (þar sem slíkt er í boði) en þær bjóða upp á betri hljóðgæði með óhindraðri móttöku. Ef þessi eiginleiki er ekki virkjaður eða útsending HD Radio er ekki í boði er hliðræn (AM/FM) útvarpssending móttækin.

Frekari upplýsingar má finna í kaflahlutanum undir heitinu „Bilanagerning fyrir HD Radio (útfærsla fyrir NAFTA)“ (síða 27).

5.1 Hlusta á útvarpíð

- Ef þörf krefur skal fara í aðalvalmynd fyrir viðeigandi svæði (bílstjórasvæði, farþegasvæði).
- Í aðalvalmyndinni skal ýta á titilstikuna á gluggareitnum *útvarp* eða miðlar. Valmyndin *val á hljóðgjafa* birtist.
- Ef þörf krefur skal ýta á flipann *útvarp*.
- Ýtið á viðeigandi tíðnisvið, FM eða AM. Útvarpsglugginn er birtur og útvarpsspilun hefst.

5.2 Leitarglugginn



Í útvarpsglugganum má finna eftirfarandi upplýsingar:

- (1) Hnappurinn : Opnið valmyndina *val á hljóðgjafa*
- (2) Núverandi tíðnisvið
- (3) Hnappur < : Breyta tíðni
- (4) Upplýsingar um hvort kveikt eða slökkt sé á forgangi umferðartilkynninga
- (5) Upplýsingasvæði stöðvarinnar
- (6) Núverandi tíðni
- (7) Hnappur > : Breyta tíðni
- (8) Upplýsingar um hvort núverandi stöð bjóði upp á umferðarútvarp
- (9) Hnappur > / < : Sýna frekari minnisstillingar
- (10) Hnappurinn : Hefja sjálfvirka stöðvarleit
- (11) Hnappurinn : Hefja sjálfvirka stöðvarleit
- (12) Hnappur : Opna stöðvalista (aðeins FM)
- (13) Valmyndarflipi hnapps
- (14) Hnappar með forstillingum
- (15) Hnappurinn : Sýna upplýsingar um núverandi HD Radio-útvarpssendingu (útfærsla fyrir NAFTA)
- (16) HD hnappur: Skipta á milli hliðrænnar FM/AM sendingar og HD Radio sendingar (útfærsla fyrir NAFTA)
- (17) Hnappurinn **SCAN** : Hefja stöðvaskimun



Athugasemd:

Upplýsingar á svæðinu upplýsingar um stöð (5) fara eftir því hvort móttökusvæðið eða núverandi stöð styður RDS.

5.3 Leitargluggi opnaður

Þegar hlustað er á útvarpið,

- skal ýta á aðalsvæði gluggareitsins *útvarp* í heimavalmyndinni.

5.4 RDS



Athugasemd:

Ef RDS er ekki stutt á móttökusvæðinu þínu eða af núverandi stöð getur þú ekki notað þessar aðgerðir.

Þetta tæki býr yfir RDS-útvarpsmóttakara. Margar FM stöðvar senda merki sem er ekki bara með útvarpssendingunni heldur einnig upplýsingum eins og heiti stöðvarinnar. Stöðvarheitið birtist í glugganum um leið og útvarpið fær það.


Hinar þægilegu RDS-aðgerðir „önnur tíðni“ og „svæðisbundinn hamur“ bæta afköst útvarpsins þíns:

- Önnur tíðni (AF): Tækið framkvæmir sjálfkrafa bakgrunnsleit að bestu móttökutíðni stilltu stöðvarinnar.

- Svæðisbundinn hamur: Sumar stöðvar skipta dagskránni upp í svæðisútsendingar á tilteknum tímum til að bjóða upp á mismunandi efni. Þú getur kveikt eða slökkt á svæðisbundnum ham. Þegar kveikt er á svæðisbundnum ham er komið í veg fyrir að tækið skipti yfir á aðra tíðni fyrir stilltu stöðina með öðru útsendingarefni.

5.4.1 AF hamur – kveikt/slökkt


- Ýtið á neðsta valmyndarflippann (13) í útvarpsham og ýtið síðan á hnappinn



- Ýtið á **Alternative frequency search** (leita að annarri tíðni). AF-hamurinn er virkur þegar hak er sýnt í reitnum.
- Ýtið á til að fara úr valmyndinni.

5.4.2 Svæðishamur – kveikt/slökkt

- Ýtið á neðsta valmyndarflippann (13) í útvarpsham og ýtið síðan á hnappinn .



- Ýtið á **Regional programme** (svæðisbundið útvarp). Svæðisbundni hamurinn er virkur þegar hak er sýnt í reitnum.
- Ýtið á til að fara úr valmyndinni.

5.5 Val á tíðnisviði

Þegar hlustað er á útvarpið,

- ýtið á í leitarglugganum til að velja tíðnisvið í *Source selection* valmyndinni (valmyndinni fyrir hljóðgjafa).
- Ýtið á viðeigandi tíðnisvið. Leitarglugginn sýnir valið tíðnisvið.

5.6 Leit að rásum

5.6.1 Handvirk leit að rásum

- ▶ Ýtið á < (3) eða > (7) einu sinni eða oftar til að stilla tíðnina í þrepum.

5.6.2 Hef sjálfvirka stöðvarleit

- ▶ Ýtið á ► (10) eða ◀ (11) til að fara á fyrri eða næstu stöð á móttökusvæðinu.



Athugasemd:

Með því að ýta lengi á ► (10) eða ◀ (11) er tíðnin stillt sleitulaust. Þegar hnappinum er sleppt fer útlvarpið sjálfkrafa á næstu stöð.

5.6.3 Stöðvalisti



Athugasemd:

Þessi aðgerð er aðeins í boði á FM-tíðnisviðinu.

Allar útlvarpsstöðvar með móttöku eru sýndar á *FM station list* (FM stöðvalistanum).

- ▶ Ýtið á hnappinn ≡ (12).

FM station list (FM stöðvalisti) birtist.

- ▶ Ýtið á viðeigandi útlvarpsstöð.

Til að fara aftur í leitargluggann,

- ▶ ýtið á ↶.

5.6.4 Skima stöðvar með móttöku

- ▶ Ýtið á **SCAN** (SKIMA) (17).

Stöðvar með móttöku eru spilaðar hver á eftir annarri í um 10 sekúndur hver.

Til að halda áfram að hlusta á stöðina sem stillt er á

- ▶ skal ýta aftur á **SCAN** (SKIMA) (17).

5.7 Vista stöðvar

- ▶ Veljið fyrst viðeigandi minnisbanka, ef þörf krefur, og farið á viðkomandi stöð.

- ▶ Ýtið lengi á einn af minnisstillingarhnöppunum (14).

Stillta stöðin er síðan vistuð á minnishnappinn.

5.8 Hlusta á vistaða stöð

- ▶ Veljið fyrst viðeigandi minnisbanka, ef þörf krefur.

- ▶ Ýtið stuttlega á einn af minnisstillingarhnöppunum (14).

Vistaða stöðin fer í gang.


5.9 Birting á útlvarps-texta – kveikt/slökkt



Athugasemd:

Ef stöðvarnar á móttökusvæðinu þínu styðja ekki RDS eða HD Radio eru þessi aðgerð ekki í boði.

- ▶ Ýtið á neðsta valmyndarflipann (13) í útlvarpsham og ýtið síðan á hnappinn ⚙.



- ▶ Ýtið á **Show radio text** (sýna útlvarpstexta). Útlvarpstexti er sýndur þegar hak er sýnt í reitnum.

- ▶ Ýtið á ↶ til að fara úr valmyndinni.


5.10 Umferðartilkynningar




Athugasemd:

Ef stöðvarnar á móttökusvæðinu þínu styðja ekki RDS eru þessar aðgerðir ekki í boði.

5.10.1 Forgangur umferðartilkyninga – kveikt/slökkt

- ▶ Ýtið á neðsta valmyndarflipann (13) í útvarpsham og ýtið síðan á hnappinn .



- ▶ Ýtið á **Show traffic announcements** (sýna umferðartilkyningar).

Kveikt er á forgangi umferðartilkyninga þegar hak er sýnt í reitnum.


- ▶ Ýtið á  til að fara úr valmyndinni.

Þegar kveikt er á forgangi umferðartilkyninga er TA-táknið sýnt í heimavalmyndinni og í útvarpsglugganum eða í glugga miðilsins sem er í spilun.

Tækið spilar umferðartilkyningu um leið og hún berst. Móttekna stöðin er sýnd í glugganum út tímalengd tilkynningarinnar.

5.10.2 Hætt við umferðartilkyningu í spilun

Þú getur hætt við umferðartilkyningu í spilun og farið aftur á hljóðgjafann sem þú varst að hlusta á:

- ▶ Ýtið á  á meðan umferðartilkyningin er spiluð.



Athugasemd:

Áfram er kveikt á forgangi umferðartilkyninga.

5.11 Bilanagreining fyrir HD Radio (útfærsla fyrir NAFTA)

Einkenni	Möguleg orsök	Hugsanleg lausn
Töf á stafrænu hljóði í HD Radio-útsendingu.	Útlarpið fer fyrst á hliðræna stöð sem blandast svo yfir í stafrænt merki.	Þetta er ekki bilun.
Hljóð hoppar, stamar eða bergmálar.	Útlarpsstöðin hefur ekki samstillt stafræna og hliðræna hljóðið með viðeigandi hætti.	Gangið úr skugga um rétta virkni með annarri stöð. Tilkynnið um stöðvar með lélega útsendingu.
Hljóðstyrkur hækkar/lækkar.	Útlarpsstöðin hefur ekki samstillt stafræna og hliðræna hljóðstigið með viðeigandi hætti.	Sannreynið rétta virkni á annarri stöð og athugið stöðvar á svæðinu á www.hdradio.com . Tilkynnið um stöðvar með lélega útsendingu.
Hljóð skýrist og dofna á víxl.	Skipting af hliðrænu og yfir á stafrænt merki er í gangi (blöndun).	Staðfestið að skiptingin hafi tekist hjá nokkrum stöðvum á svæðinu. Tilkynnið um stöðvar með lélega samstillingu.
Óhófleg blöndun (skipting á milli hliðræns og stafræns merkis).	Ef ökutækið er staðsett nærri jaðri stafræna sendisvæðisins.	Upplýsingar um hvernig sannreyna eigi útlarpsstöðvar á sendisvæðinu þínu má finna á www.hdradio.com .
Stafrænt hljóð er ekki betra en hliðrænt hljóð.	Hljóðvinnsla stafræns hljóðs á stöð getur hugsanlega minnkað stafrænu hljóðgæðin.	Gangið úr skugga um rétta virkni með annarri stöð. Tilkynnið um stöðvar með lélega útsendingu.

6 WX Radio-hamur




Athugasemdir:

- ▶ WX Radio-hamurinn er aðeins í boði í útfærslunum fyrir NAFTA eða Mexíkó.
- ▶ Ef stöðvarnar á móttökusvæðinu þínu styðja ekki WX Radio eru þessar aðgerðir ekki í boði.

6.1 Hlusta á útvarpið

- ▶ Ef þörf krefur skal fara í aðalvalmynd fyrir viðeigandi svæði (bílstjórasvæði, farþegasvæði).
 - ▶ Í aðalvalmyndinni skal ýta á titilstikuna á gluggareitnum *útvarp* eða *miðlar*. Valmyndin *val á hljóðgjafa* birtist.
 - ▶ Ef þörf krefur skal ýta á flipann *útvarp*.
 - ▶ Ýtið á tíðnisviðið WX.
- WX Radio-glugginn birtist og útvarpsspilun hefst.

6.2 WX Radio-gluggi



Í útvarpsglugganum má finna eftirfarandi upplýsingar:


- (1) Hnappurinn : Opnið valmyndina *val á hljóðgjafa*
- (2) Núverandi tíðnisvið
- (3) Upplýsingasvæði stöðvar: Tíðni, rásarnúmer, skiparásarnúmer og rásarnúmer fyrir opinberar tilkynningar
- (4) Forstilltar stöðvar
- (5) Valmyndarflipi hnapps

6.3 Hlusta á stöð

- ▶ Ýtið stuttlega á einn af hnöppunum fyrir forstilltar stöðvar (4). Vistaða stöðin fer í gang.

6.4 Veðurtilkynningar - kveikt/slökkt

- ▶ Í WX Radio-ham skal ýta á neðsta valmyndarflipann (5) og ýta síðan á hnappinn .



- ▶ Ýtið á **Show weather alerts** (sýna veðurtilkynningar). Kveikt er á veðurtilkynningum þegar hak er sýnt í reitnum.
- ▶ Ýtið á til að fara úr valmyndinni.

7 DAB+ útlvarpshamur



Athugasemdir:

- DAB+ radio-hamurinn er aðeins í boði í Evrópusambandsútlærslunni.
- Þessi aðgerð er aðeins í boði ef tækið styður DAB-móttöku.
- DAB radio-styður forgang umferðartilkyninga (sjá kaflahluta undir heitinu „Umferðartilkyningar“ (síða 29)).

7.1 Hlustað á DAB


- Ef þörf krefur skal fara í aðalvalmynd fyrir viðeigandi svæði (bílstjórassvæði, farþegasvæði).
- Ýtið á titilstikuna á gluggareitnum *útlvarp* eða *miðlar*.

Valmyndin *val* á hljóðgjafa birtist.

- Ef þörf krefur skal ýta á flipann *útlvarp*.
- Ýtið á **DAB**.

DAB-glugginn birtist og DAB spilun hefst.

7.2 DAB-gluggi



Finna má eftirfarandi upplýsingar og stýringar í DAB-glugganum:

- (1) Hnappurinn : Opnið valmyndina *Source selection* (val á hljóðgjafa)
- (2) Þjónustupplýsingasvæði
- (3) Hnappurinn : sýna aðrar minnisstillingar
- (4) Hnappurinn : Hoppað yfir á næstu þjónustu
- (5) Hnappurinn : Hoppað yfir á fyrri þjónustu
- (6) Hnappurinn : Opna DAB service list (DAB-þjónustulista)
- (7) Neðsti valmyndarflipinn
- (8) Hnappar með forstillingum

7.3 DAB-glugginn opnaður

Þegar hlustað er DAB,

- skal ýta á aðalsvæði gluggareitsins *útlvarp* í heimavalmyndinni.

7.4 Eiginleikar DAB

Hjá DAB útlvarpi er þjónusta útlvarpsdagskrá útlvarpsstöðvar.

Fjöl margar þjónustur eru sendar út á sömu tíðni. Þessi þjónusta myndar samsendingu.

Samsendingarheiti núverandi þjónustu birtist á þjónustupplýsingasvæðinu (2).

Þjónusta getur boðið upp á eina eða fleiri varahljóðrásir með öðru útlvarpsefni.

Auk hljóðdagskrár getur DAB-þjónusta einnig sent út aðrar upplýsingar eins og lagaheiti, tónlistartegundir og jafnvel dagskrárupplýsingar.

Slíkar upplýsingar geta birts á þjónustupplýsingasvæðinu (2) (sjá kaflahluta undir heitinu „DAB-aukaupplýsingar sýndar“ (síða 35)).

7.5 DAB service list (DABþjónustulisti)

- Ýtið á (5).

Öll þjónusta með móttöku er sýnd í *DAB service list* (DAB-þjónustulistanum).

- Ýtið á viðeigandi þjónustu.

Viðeigandi þjónusta er spiluð.

Til að fara aftur í DAB-gluggann,

- ýtið á .



Athugasemdir:

- Ef í boði inniheldur *DAB service list* (DAB-þjónustulistinn) einnig varahljóðrásir þjónustunnar.
- *DAB service list* (DAB-þjónustulistinn) sýnir alla þjónustu með móttöku þegar listinn er opnaður. Þjónusta með móttöku kann að breytast þegar *DAB service list* (DAB-þjónustulistinn) er sýndur. Til að uppfæra *DAB service list* (DAB-þjónustulistann) skal ýta á **Refresh** (endurglæða).

7.6 Val á þjónustu

- Ýtið á ► (3) eða ◀ (4) til að hoppa yfir á næstu eða fyrri þjónustu.

7.7 Vista þjónustu

- Veljið fyrst viðeigandi minnisbanka, ef þörf krefur, og farið á viðkomandi þjónustu.
- Ýtið lengi á einn af minnisstillingarhnöppunum (8).

Valin þjónusta er síðan vistuð á minnishnappinn.

7.8 Hlusta á vistaða þjónustu

- Veljið fyrst viðeigandi minnisbanka, ef þörf krefur.
- Ýtið stuttlega á einn af minnisstillingarhnöppunum (8).

Vistaða þjónustan fer í gang.

7.9 Hlusta á varahljóðrás

Ef þjónusta býður upp á aðra hljóðrás birtist *2nd audio* (varahljóðrás) á skjánum. Varahljóðrásin er talin upp á *DAB service list* (DAB-þjónustulistannum) (sjá kaflahluta undir heitinu „DAB service list (DAB-þjónustulisti)“ (síða 33)).




Athugasemd:

Það er ekki hægt vista varahljóðrás þjónustu. Ef þörf krefur skal velja venjulegu hljóðrásina til að vista þjónustuna.


7.10 Forval á dagskrárgerðum

Hægt er að nota DAB-flokkasíuna til að takmarka þjónustu í boði á *DAB service list* (DAB-þjónustulistannum) við þær sem eru af tiltekinni dagskrárgerð. DAB-flokkasía er virk er aðeins þjónusta valinna dagskrárgerða í boði.

- Ýtið á neðsta valmyndarflippinn (7) í DAB-ham og ýtið síðan á hnappinn ⚙.



- Ýtið á **DAB category filter** (DAB-dagskrársía). Tiltækar dagskrárgerðir eru sýndar.



Til að gera DAB category filter (DAB-dagskrársíu) virka eða óvirka,

- ýtið á **Enable DAB category filter** (Virkja DAB dagskrársíu).

DAB category filter (DAB-dagskrársían) er virk þegar hak er sýnt í reitnum.

Til að velja dagskrárgerðir,

- ýtið á viðeigandi dagskrárgerð.


Dagskrárgerð er valin þegar hak er sýnt í reitnum.

- Ýtið á ↵ til að fara úr valmyndinni.

7.11 DAB-aukaupplýsingar sýndar

Hægt er að stilla hvort DAB-aukaupplýsingar séu sýndar eða huldar.

- ▶ Ýtið á neðsta valmyndarflipann (7) í DAB-ham og ýtið síðan á hnappinn ⚙️.



- ▶ Ýtið á **Show DAB extra information** (sýnda DAB-aukaupplýsingar).


DAB-aukaupplýsingar eru sýndar þegar hak er sýnt í reitnum.

- ▶ Ýtið á ↶ til að fara úr valmyndinni.

7.12 DAB-FM-tenging

Þjónusta getur haft móttöku í gegnum DAB og FM á sama tíma. Ef kveikt er á DAB-FM-tengingu skiptir tækið sjálfkrafa yfir á FM-móttöku ef núverandi DAB-þjónusta er ekki lengur í boði og helst þar þangað til DAB-móttakan verður aftur í boði.

- ▶ Ýtið á neðsta valmyndarflipann (6) í DAB-ham og ýtið síðan á hnappinn ⚙️.



- ▶ Ýtið á **DAB-FM linking** (DAB-FM-tenging). DAB-FM-tenging virkjust þegar hak er sýnt í reitnum.

- ▶ Ýtið á ↶ til að fara úr valmyndinni.

8 SiriusXM Radio-hamur



Athugasemd:

SiriusXM Radio-hamurinn er aðeins í boði í útfærslunni fyrir NAFTA.

SiriusXM er þar sem hlutirnir gerast. Fjölbreyttasta og dýpsta úrvalið af tónlist, án auglýsinga. Fleiri leikir, meiri íþróttir og betri útbreiðsla en annars staðar. Fjölbreyttasta afþreyingin, bestu fréttirnar og allar gerðir af gríni. Hlustaðu í bílnum, í símanum, á netinu og heima hjá þér. Þörf er á áskrift að SiriusXM. Frekari upplýsingar má finna á www.siriusxm.com.



Athugasemd:

Þörf er á SiriusXM Radio-kenni fyrir virkjunina og má finna það með því að stilla á rás 0 eða með því að athuga merkimiðann á SiriusXM Connectútvarpinu og umbúðum þess. Útvarpskennið inniheldur ekki stafina I, O, S eða F.

8.1 Virkjun á áskrift að SiriusXM

Veljið haminn SiriusXM (sjá kaflahluta undir heitinu „Hlusta á SiriusXM“ (síða 36)). Þú ættir að geta heyrt prufu af SiriusXM á rás 1.

Þegar þú heyrir prufuna ættir þú að fara á rás 0 til að finna útvarpskenni útvarpsins. Þú þarft númerið til að virkja áskriftina. Skriðu niður númerið til viðmiðunar.



Athugasemd:

SiriusXM Radio-kennið inniheldur ekki stafina I, O, S, eða F.

Í Bandaríkjunum er hægt að virkja áskriftina á netinu eða með því að hringja í SiriusXM Listener Care:

- Farið á www.siriusxm.com/activatenow.
- Hringið í SiriusXM Listener Care í síma 1-866-635-2349.

Fyrir áskriftir í Kanada:

- Farið á www.siriusxm.ca/activate.
- Hringið í SiriusXM Customer Care í síma 1-888-539-7474.

Við virkjunina munu gervitungl SiriusXM senda virkjunarboð í útvarpstækið þitt. Þegar útvarpið þitt greinir móttöku á virkjunarboðunum mun útvarpið sýna: *Subscription updated* (áskrift uppfærð). Þegar þú hefur gerst áskrifandi getur þú hlustað á rásirnar í áskriftinni þinni. Athugið að virkjunarferlið tekur yfirleitt 10 til 15 mínútur en getur tekið allt að klukkustund. Það þarf að vera kveikt á útvarpinu og það verður að móttaka merki frá SiriusXM til að fá virkjunarboðin.

8.2 Hlusta á SiriusXM


- Ef þörf krefur skal fara í aðalvalmynd fyrir viðeigandi svæði (bílstjórasvæði, farþegasvæði).
- Í aðalvalmyndinni skal ýta á titilstikuna fyrir útvarps- eða miðlaham.

Valmyndin *val á hljóðgjafa* birtist.

- Ef þörf krefur skal ýta á flipann *útvarp*.
- Ýtið á **SiriusXM**.

SiriusXM-glugginn birtist og spilun á SiriusXM hefst.

8.3 SiriusXM-glugginn



Finna má eftirfarandi upplýsingar og stýringar í SiriusXM-glugganum:

- (1) Hnappurinn : Opnið valmyndina *val á hljóðgjafa*
- (2) Rásarupplýsingasvæði

- (3) Hnappurinn >/< : sýna aðrar minnisstillingar
- (4) Hnappurinn **Scan**: Ræsa leitarskimun
- (5) Hnappurinn **SXM menu** (SXM-valmynd): Opna SiriusXM-valmynd
- (6) Hnappurinn **Replay/presets** (endurspila/forstillingar): Skipta á milli beinnar útsendingar og endurspilunar
- (7) Hnappurinn **Tag song** (merkja lag): Geyma núverandi lag sem eftirlæti
- (8) Hnappur valmyndar á botninum
- (9) Hnappurinn **Tag artist** (merkja listamann): Geyma núverandi listamann sem eftirlæti
- (10) Hnappar með forstillingum
- (11) Hnappurinn **Weather** (veður): Spila núverandi umferðar/veðurskilaboð
- (12) Hnappurinn **Sports** (íþróttir): Gera vöktun á íþróttatilkynningum virka/óvirka
- (13) Hnappurinn < Skrúnað um minnishnappavalmyndina

**Athugasemd:**

Birta má plötuumslag fyrir flestar tónlistarrásir SiriusXM. Ef hljómplötuumslag er ekki í boði er myndmerki rásarinnar eða myndmerki SiriusXM sýnt.

8.4 SiriusXM-glugginn opnaður

Þegar hlustað er á SiriusXM,

- ▶ skal ýta á aðalsvæðið fyrir SiriusXM Radiohaminn í heimavalmyndinni.

8.5 Val á rásum

8.5.1 Val á rás af rásarlistanum

Rásarlistinn inniheldur allar rásir í boði.

- ▶ Ýtið á **SXM valmyndina** (5).
- ▶ Ýtið á **Channel list** (rásarlisti).
- ▶ Ýtið á viðeigandi rás.

**Athugasemd:**

Hægt er að sérstilla stöðvalistann (sjá kaflann „Rásarlisti sérsniðinn“ (síða 37)).

8.5.2 Val á rás úr flokki

Rásur er raðað í flokka svo þú finnur auðveldlega rásir með tilteknu efni (t.d. íþróttum, rokki, barnaefni).

- ▶ Ýtið á **SXM valmyndina** (5).
- ▶ Ýtið á **Categories** (flokka).
- ▶ Ýtið á viðeigandi flokk.
- ▶ Ýtið á viðeigandi rás.

**Athugasemd:**

Efst í rásarlistanum má finna sérvalin eftirlæti. Sérvalin eftirlæti eru hópar af rásum, sem dagskrárdeild SiriusXM hefur búið til, svo þú getir uppgötvað nýjar rásir. Rásirnar í sérvöldum eftirlætum eru breytilegar og geta breyst oft svo þú getir uppgötvað nýjar rásir.

8.5.3 Beinval

Þú getur valið rás með beinum hætti með því að nota rásarnúmer hennar.

- ▶ Ýtið á **SXM valmyndina** (5).
- ▶ Ýtið á **Direct tune** (beinval).
- ▶ Færið inn rásarnúmer viðeigandi rásar og ýtið á **Enter**.

8.6 Rásarlisti sérsniðinn

- ▶ Ýtið á neðsta valmyndarhnappinn (8) í SiriusXM Radio-hamnum og ýtið síðan á hnappinn ⚙.
- ▶ Ýtið á **Customised channel list** (sérsniðinn rásarlisti).

Til að leyfa allar rásir á rásarlistanum,

- ▶ ýtið á **Enable all channels** (leyfa allar rásir).

Til að gera tiltekna rás virka/óvirka,

- ▶ ýtið á hnappinn [kveikt/slökkt] fyrir viðkomandi rás.

8.7 Eftirlætisrásar vistaðar og valdar

Hægt er að vista allt að 18 rásir á minnishnappana.

8.7.1 Rás vistuð

- Ef þörf krefur skal ýta á hnappinn < (13) eða > (3) til að sýna viðeigandi minnishnapp.
 - Ýtið lengi á minnishnapp (10).
- Stillta rásin er þá vistuð á minnishnappinn.

8.7.2 Val á vistaðri rás

- Ef þörf krefur skal ýta á hnappinn < (13) eða > (3) til að sýna viðeigandi minnishnapp.
 - Ýtið stuttlega á einn af minnishnöppunum (10).
- Vistaða rásin fer í gang.

8.7.3 Leitarskimun

Ef eiginleikinn leitarskimun er virkjaður heyrir þú nokkrar sekúndur af lögnum, sem ekki hefur verið hlustað á, af öllum tónlistarrásunum í minni á núverandi tíðni. Finna má leiðbeiningar um notkun á leitarskimunareiginleikanum að neðan.



Athugasemd:

Þegar kveikt er á tækinu er skimunareiginleikinn óvirkur þangað til tækið hefur lesið inn fullnægjandi magn af lögum. Ef þörf krefur skal gefa tækinu nokkrar mínútur þar til skimunareiginleikinn og hnappurinn **Scan** (skimun) (4) verður virkur.

- Ýtið á **Scan** (skima) (4).
- Lag er spilað fyrir hverja vistaða rás í um 10 sekúndur.



Athugasemd:

Fyrsta lagið, sem spilað er fyrir rás, er lagið sem lesið var fyrst í biðminnið. Síðan er næsta lag í biðminninu spila og svo framvegis.

- Til að hætta við skimunina og hlusta á núverandi rás,
- ýtið aftur á **Scan** (skima) (4).

8.8 Bein útsending og endurspilun

Með sjálfgefnum hætti er dagskrá rásar spiluð í beinni útsendingu en það þýðir að þú heyrir dagskrána sem send er út á viðkomandi tíma. Í endurspilunarham getur þú spilað rás sem vistuð hefur verið í biðminni.

8.8.1 Endurspilunarhamur

Til að skipta yfir í endurspilunarham,

- ýtið á **Replay** (endurspila) (6).
- Leiðsöguhnapparnir fyrir endurspilunarham birtast:

[Pása]/[spila]: Pása/halda spilun áfram.

[Næsta]/[fyrri]:

Ýtt stuttlega: Hoppa 5 sekúndur áfram/afturábak

Ýtt stöðugt: Hoppa stöðugt áfram/afturábak í sístækkandi hlutum (allt að 10 sekúndur).

[Áfram]/[afturábak]:

Ýtt stuttlega: Hoppa 10 sekúndur áfram/afturábak.

Ýtt lengi: Hoppa yfir á beina útsendingu/upphaf dagskrár í biðminni.

Tímastíkan sýnir bilið á milli núverandi spilunar og beinnar útsendingar.

8.8.2 Fara aftur í beina útsendingu

- Ýtið á **Presets** (forstillingar) (6).
- Minnishnapparnir birtast.

8.9 Eftirlætislög og listamenn

Hægt er að vista eftirlætislög og listamenn til að fá tilkynningar í hvert skipti sem lag eða listamaður er spilaður á einni af rásunum í boði.

8.9.1 Vista lög eða listamenn sem eftirlæti

Til að vista lag eða listamann í spilun sem eftirlæti,

- ▶ ýtið á **Tag artist** (merkja listamann) (9) eða **Tag song** (merkja lag) (7).

Sprettiskilaboð staðfesta að listamaðurinn eða lagið hafi verið vistað.



Athugasemdir:

- ▶ Ef listamaður eða lag er þegar vistaður í eftirlæti munu sprettiskilaboð um það birtast.
- ▶ Ef hámarksfjöldi listamanna eða laga hefur þegar verið vistaður munu sprettiskilaboð um það birtast. Ef þú vilt skipta vistuðum listamanni eða lagi út fyrir nýjan skal ýta á **Select** (val) og ýta síðan á listamanninn eða lagið sem á að skipta um.

8.9.2 Tilkynning um eftirlætislag eða listamann

Ef rás spilar eftirlætislag eða listamann munu sprettiskilaboð um það birtast.

- ▶ Ýtið á hnappinn [háatalari] til að spila lagið/listamanninn.

Aðalskjár SiriusXm birtist og lagið eða listamaðurinn spilast.



Athugasemd:

Sprettiskilaboðin eru falin sjálfkrafa eftir 5 sekúndur eða handvirk ef ýtt er á skjáinn við hlið skilaboðanna.

8.9.3 Spila eftirlætislög eða listamenn úr sögu

Útsendingar á eftirlætislögum eða listamönnum eru geymdar í sögu. Hægt er að finna þau í SXM-valmyndinni.

- ▶ Ýtið á **SXM valmyndina** (5).
- ▶ Ýtið á **eftirlæti**.
- ▶ Ýtið á **Favourite song history** (saga eftirlætislaga) eða **Favourite artist history** (saga eftirlætislistamanna).
- ▶ Ýtið á viðeigandi lag eða listamann.

8.9.4 Breyta eftirlætislögum og listamönnum

- ▶ Ýtið á neðsta valmyndarhnappinn (8) í SiriusXM Radio-hamnum og ýtið síðan á hnappinn ⚙️.
- ▶ Ýtið á **Edit favourite songs** (breyta eftirlætislögum) eða **Edit favourite artists** (breyta eftirlætislistamönnum).

Til að fá tilkynningar um öll vistuð lög eða listamenn,

- ▶ ýtið á **Turn all songs on** (kveikja á öllum lögum) eða **Turn all artists on** (kveikja á öllum listamönnum).

Til að eyða öllum vistuðum lögum eða listamönnum,

- ▶ ýtið á **Delete all songs** (eyða öllum lögum) eða **Delete all artists** (eyða öllum listamönnum).

Sprettiskilaboð biðja þig um að staðfesta eyðinguna:

- ▶ Ýtið á **Yes** (já) til að staðfesta eða **No** (nei) til að hætta við.

Til að kveikja/slökkva á tilkynningum um tiltekið lag eða listamann,

- ▶ ýtið á hnappinn [kveikt/slökkt] fyrir viðkomandi lag/listamann.

Til að eyða tilteknu lagi eða listamanni,

- ▶ ýtið á hnappinn [eyða] fyrir tiltekið lag/listamann.

Sprettigluggi staðfestir eyðinguna.



Athugasemd:

Ýtið á hnappinn ⚙️ til að loka kjörstillingaglugganum.

8.10 Umferðar- og veðurskilaboð


Hægt er að fá umferðar- og veðurskilaboð fyrir valda borg.



Athugasemd:

Til að virkja umferðar- og veðurskilaboð skal fyrst velja borg (sjá næsta kaflahluta).

8.10.1 Val á borg fyrir umferðar- og veðurskilaboð

- ▶ Ýtið á neðsta valmyndarhnappinn (8) í SiriusXM Radio-hamnum og ýtið síðan á hnappinn .
- ▶ Ýtið á **Edit favourite TWN City** (breyta TWN eftirlætisborg; TWN = Umferðar- og veðurtilkynningar).
- ▶ Ýtið á viðeigandi borg.



Athugasemd:

Ýtið á hnappinn  til að loka kjörstillingaglugganum.

8.10.2 Spila umferðar- og veðurskilaboð

Til að spila núverandi umferðar- og/eða veðurskilaboð,

- ▶ ýtið á hnappinn **Weather** (veður) (11).



Athugasemdir:

- ▶ Ef umferðar- og veðurskilaboð eru í boði er hnappurinn **Weather** (veður) grænn. Þegar skilaboð eru spiluð er hnappurinn **Weather** (veður) rauður.
- ▶ Ef engin skilaboð eru í boði munu skilaboð um það birtast.
- ▶ Ef engin borg hefur þegar verið valin birtast skilaboð um það. Ýtið á **Yes** (já) til að velja viðeigandi borg.

8.11 Íþróttatilkynningar



Athugasemd:

Aðeins í boði ef áskriftin þín inniheldur spilun á íþróttarás fyrir viðeigandi íþróttadeild.

Íþróttatilkynning er leikur uppáhaldsíþróttafélagsins þíns sem sendur er út á SiriusXM. Þú getur fengið tilkynningar fyrir allt að fimm valin félög (sjá eftirfarandi kaflahluta).

8.11.1 Val á íþróttafélögum

- ▶ Ýtið á neðsta valmyndarhnappinn (8) í SiriusXM Radio-hamnum og ýtið síðan á hnappinn  button.
- ▶ Ýtið á **Edit SportsFlash teams** (breyta íþróttatilkynningafélögum).
- ▶ Ýtið á **Add team** (bæta við félagi).
- ▶ Ýtið á viðeigandi íþróttadeild.
- ▶ Ýtið á viðeigandi félag.

Sprettiskilaboð staðfesta valið.




Athugasemd:

Ef hámarksfjöldi félaga hefur þegar verið valinn munu sprettiskilaboð um það birtast. Ef þú vilt skipta völdu félagi út fyrir nýtt skal ýta á **Yes** (já) og velja síðan félagið sem skipta á um.



Athugasemd:

Ýtið á hnappinn  til að loka kjörstillingaglugganum.

8.11.2 Gera vöktun á íþróttatilkynningum virka/óvirka

- ▶ Ýtið á **Sports** (íþróttir) (12).



Athugasemdir:

- ▶ Ef íþróttatilkynning er í spilun munu sprettiskilaboð birtast. Ýtið á **Yes** (já) til að hætta við núverandi spilun á íþróttatilkynningu og gera vöktun á íþróttatilkynningum óvirka. Ýtið á **No** (nei) til að fara aftur í spilun á núverandi íþróttatilkynningu.
- ▶ Ef engin félög eru valin birtast sprettiskilaboð um það. Ýtið á **Yes** (já) til að velja teymi. Ýtið á **No** (nei) til að hætta við og skilja íþróttatilkynningar eftir óvirkar.
- ▶ Ef íþróttatilkynning er í boði er hnappurinn **Sports** (íþróttir) grænn. Ef íþróttatilkynning er í spilun er hnappurinn **Sports** (íþróttir) rauður.

8.11.3 Íþróttatilkynning

Ef rás sendir út íþróttatilkynningu munu sprettiskilaboð um það birtast.

- ▶ Ýtið á hnappinn [háatalari] til að spila íþróttatilkynninguna.



Athugasemdir:

- ▶ Til að fara aftur á síðustu rás í spilun skal ýta á hnappinn [til baka].
- ▶ Sprettiskilaboðin eru falin sjálfkrafa eftir 10 sekúndur eða handvirk ef ýtt er á skjáinn við hlið skilaboðanna.

8.11.4 Spila íþróttatilkynningu úr sögu

Mótteknaðar íþróttatilkynningar eru geymdar í sögu. Hægt er að finna þau í SXM-valmyndinni.

- ▶ Ýtið á **SXM valmyndina** (5).
- ▶ Ýtið á **eftirlæti**.
- ▶ Ýtið á **SportsFlash history** (saga íþróttatilkynninga).
- ▶ Ýtið á viðeigandi íþróttatilkynningu.

8.11.5 Breyta íþróttatilkynningum

- ▶ Ýtið á neðsta valmyndarhnappinn (8) í SiriusXM Radio-hamnum og ýtið síðan á hnappinn ⚙️.
- ▶ Ýtið á **Edit SportsFlash teams** (breyta íþróttatilkynningafélögum).

Til að fá tilkynningar um öll vísuð félög,

- ▶ ýtið á **Turn all teams on** (kveikja á öllum félögum).

Til að kveikja/slökkva á tilkynningum um tiltekið félag,

- ▶ ýtið á hnappinn [kveikja/slökkva] fyrir viðeigandi félag.

Til að eyða tilteknu félagi,

- ▶ ýtið á hnappinn [eyða] fyrir viðeigandi teymi. Sprettigluggi staðfestir eyðinguna.



Athugasemd:

Ýtið á hnappinn ⚙️ til að loka kjörstillingaglugganum.

8.12 Frekari stillingar

8.12.1 Stillingar á tilkynningum

Þú getur kveikt/slökkt á tilkynningum um eftirlætislög, listamenn, íþróttatilkynningar og tilkynningar á öðrum skjám en hljóðskjám.

- ▶ Ýtið á neðsta valmyndarhnappinn (8) í SiriusXM Radio-hamnum og ýtið síðan á hnappinn ⚙️.
- ▶ Ýtið á **Notification settings** (stillingar á tilkynningum).
- ▶ Ýtið á hnappinn [kveikja/slökkva] fyrir viðeigandi gerð tilkynningar.

8.12.2 Kveikt/slökkt á *Tune Start* (spila frá byrjun)

Ef kveikt er á *Tune Start* (spila frá byrjun) og þú velur vistaða tónlistarrás (með því að ýta á viðeigandi minnishnapp) er lagið, sem er í spilun, spilað frá byrjun.



Athugasemd:

Aðeins ef lagið í útsendingu hefur verið vistað í biðminni frá byrjun.

- ▶ Ýtið á neðsta valmyndarhnappinn (8) í SiriusXM Radio-hamnum og ýtið síðan á hnappinn ⚙️.
- ▶ Ýtið á hnappinn [kveikja/slökkva] á *Tune Start* (spila frá byrjun).



Athugasemd:

Ýtið á hnappinn ⚙️ til að loka kjörstillingaglugganum.

8.13 Bilanagreining

Sýndur texti	Lýsing og meðmæli
Check antenna (Athuga loftnet)	<p>Útvarpið hefur greint bilun hjá SiriusXM-loftnetinu. Loftnetssnúran getur annaðhvort verið aftengd eða skemmd.</p> <ul style="list-style-type: none"> ▶ Gætið þess að loftnetssnúran sé tengd við tækið. ▶ Athugið skemmdir og beygjur á loftnetssnúrunni. Skiptið um loftnetið ef snúran er skemmd.
No signal (Ekkert merki)	<p>Tækið á í erfiðleikum með móttöku á gervihnattarmerki SiriusXM.</p> <ul style="list-style-type: none"> ▶ Gætið þess að ökutækið sé utandyra með skýra sýn til himins. ▶ Gætið þess að segulfesting SiriusXM-loftnetsins sé á málmyfirborði utan á ökutækinu. ▶ Færið SiriusXM-loftnetið frá öllum hindrunum. ▶ Athugið skemmdir og beygjur á loftnetssnúrunni. <p>Skiptið um loftnetið ef snúran er skemmd.</p>
Subscription updated (Áskrift uppfærð)	<p>Útvarpið hefur greint breytingu á SiriusXM-áskriftarstöðunni þinni. Sprettiskilaboðin munu birtast sjálfkrafa eftir um 5 sekúndur.</p> <p>Í Bandaríkjunum skal fara á www.siriusxm.com eða hringja í 1-866-635-2349 ef spurningar vakna um áskriftina.</p> <p>Í Kanada skal fara á www.siriusxm.ca/activate eða hringja í Customer Care í síma 1-888-539-7474 ef spurningar vakna um áskriftina.</p>
Channel not available (Rás ekki í boði)	<p>Rásin, sem þú hefur óskað eftir, er ekki gild SiriusXM-rás eða rásin, sem þú varst að hlusta á, er ekki lengur í boði.</p> <p>Farið á www.siriusxm.com til að fá frekari upplýsingar um SiriusXM rásir í boði.</p>
Channel not subscribed (Engin áskrift að stöð)	<p>Rásin, sem þú hefur óskað eftir, er ekki hluti af SiriusXM-áskrift þinni eða rásin, sem þú varst að hlusta á, er ekki lengur hluti af áskrift þinni að SiriusXM.</p> <p>Í Bandaríkjunum skal fara á www.siriusxm.com eða hringja í 1-866-635-2349 ef spurningar vakna um áskriftina eða ef þú vilt gerast áskrifandi að rásinni. Í Kanada skal fara á www.siriusxm.ca/activate eða hringja í Customer Care í síma 1-888-539-7474.</p>
Channel is skipped (Hoppað er yfir rás)	<p>Rásin, sem þú óskaðir eftir, hefur verið gerð óvirk af aðgerð útvarpsins til að hoppa yfir rásir. Frekari upplýsingar um hvernig hoppað er yfir rásir og hvernig nálgast má stöðvar sem hafa verið gerðar óvirkar er að finna í „Rásarlisti sérsniðinn“ (síða 37)).</p>

9 Miðlaspilun



Athugasemd:

Upplýsingar um tengingu eða ísetningu á útværu tæki má finna í kaflahluta undir heitinu „Tenging og fjarlæging á USB-geymslutæki eða Apple-tæki“ (síða 24)). Í kaflahlutanum má einnig finna upplýsingar um skráarsnið sem eru studd.

9.1 Að velja miðlarás

- Ef þörf krefur skal opna heimavalmynd fyrir vídeigandi svæði (bílstjórasvæði, farþegasvæði).
- Ýtið á titilstikuna á gluggareitnum *útvarp* eða *miðlar*.

Valmyndin *val* á *hljóðgjafa* birtist.

- Ýtið á flipann *Media* (miðlar), ef þörf krefur.
 - Ýtið á vídeigandi miðlahljóðgjafa.
- Hljóð- eða myndbandsglugginn fyrir valinn miðlahljóðgjafa er sýndur og spilun hefst.



Athugasemd:

Tilkynning birtist stuttlega á skjánum

- ef valinn hljóðgjafi er ekki tengdur eða settur í.
- ef ekki er hægt að spila öll lögin á völdum hljóðgjafa vegna þess að komið er yfir hámarksfjölda viðráðanlegra laga.

9.2 Hljóð-/myndbandsglugginn opnaður

Við spilun á miðlum,

- skal ýta á aðalsvæði gluggareitsins *Media* (miðlar) í heimavalmyndinni.


9.3 Hljóðspilun



Athugasemd:

Bluetooth-tæki kunna að nota samskiptareglur sem styðja ekki alla stjórn möguleika.

9.3.1 Hljóðglugginn



Finna má eftirfarandi upplýsingar og stýringar í hljóðglugganum:








Athugasemd:

Upplýsingar í boði fara eftir núverandi hljóðgjafa:

- Upplýsingar um MP3-lög verða að vera geymdar sem ID3 merki á hljóðgjafanum.
- Bluetooth-tæki kunna að nota samskiptareglur sem veita ekki allar upplýsingar um lag.

- (1) Hnappurinn : Opnið valmyndina val á hljóðgjafa
- (2) Upplýsingasvæðið titill
- (3) Hnappurinn : Hoppa á næsta titil/hraðspóla áfram


- (4) Framvindustika spilunar
- (5) Hnappurinn  : Gera pásu á spilun þegar spilun er sett á pásu: ► hnappur: Halda spilun áfram
- (6) Hnappurinn  : Hoppa á fyrri titil/spóla til baka
- (7) Neðsti valmyndarflipinn
- (8) Hnappurinn  : Aðgerðin endurtaka
- (9) Hnappurinn  : Aðgerðin uppstokkun
- (10) Hnappurinn  : Opna miðlafaфра

Svæðið titilupplýsingar (2) veitir upplýsingar um núverandi lag, hljóðbók eða hlaðvarp, til dæmis:

- Listamaður
- Titill
- Hljómplata

Framvindustika spilunar (4) sýnir spilunarstöðu núverandi titils og mælitíma og heildarspilunartíma titilsins.

9.3.2 Setja spilun á pásu


- Ýtið á  (5).

Pása er á spilun.

- Ýtið á ► (5).


Spilun hefst aftur.

9.3.3 Hoppa yfir á næsta/fyrri titil

- Ýtið á ► (3) eða  (6).


Næsti eða fyrri titill er spilaður.

9.3.4 Val á titlum í miðlafaфра

- Ýtið á  (10).

Miðlafafrinn opnast. Frekari upplýsingar um þetta má finna í hlutanum með heitinu „Miðlafaфра“ (síða 46).

9.3.5 Hraðspólun áfram/afturábak

- Ýtið á og haldið inni ► (3) eða  (6) þangað til viðeigandi staðsetningu er náð.


Eða:

- Ýtið á framvindustiku spilunar (4) og rennið fingri til vinstri eða hægri eftir stikunni til að breyta staðsetningu í titlinum stöðugt.

9.3.6 Hoppa áfram/afturábak í núverandi titli

- Ýtið á viðeigandi staðsetningu á framvindustiku spilunar (4).


9.3.7 Endurtaka titil

- Ýtið á  (8).

- Ýtið á viðeigandi valkost:

- Endurtaka lag: Endurtaka núverandi titil
- Endurtaka val: Endurtaka núverandi spilunarflokk (t.d. plötuumslag, listamann, möppu)

9.3.8 Aðgerðin uppstokkun

- Ýtið á  (9).

- Ýtið á viðeigandi valkost:

- Stokka upp val: Stokka upp lög í núverandi spilunarflokki (t.d. plötuumslag, listamann, möppu)
- Slökkt á uppstokkun: Gera uppstokkun óvirka


9.4 Myndbandsspilun



Tilkynning um öryggi

Aðeins er hægt að sýna myndbönd ef handbremsa ökutækisins er á. Um leið og handbremsan er losuð hverfur myndbandið í spilun og eftirfarandi tilkynning birtist á skjánum: “For your safety, the video is off while the vehicle is in motion” (af öryggisástæðum er slökkt á myndbandinu á meðan ökutækið er á hreyfingu). Spilun myndbandsskráarinnar heldur áfram og enn má heyra hljóð.

9.4.1 Myndbandsglugginn



Finna má eftirfarandi upplýsingar og stýringar í myndbandsglugganum:

- (1) Hnappurinn : Opnið valmyndina *val á hljóðgjafa*
- (2) Myndsvæði
- (3) Hnappurinn : Hoppa á næsta titil
- (4) Hnappurinn : Gera pásu á spilun
Þegar spilun er sett á pásu: hnappur: Halda spilun áfram
- (5) Hnappurinn : Hoppa á fyrri titil
- (6) Framvindustika spilunar
- (7) Hnappurinn : Opna miðlafafrá

Myndsvæðið (2) veitir upplýsingar um titilinn:

- Titill
- Númer núverandi titils/þáttar

Framvindustika spilunar (6) sýnir spilunarstöðu núverandi titils og mælitíma og heildarspilunartíma titilsins.



Athugasemd:

Á heilskjášham birtist -táknid á myndsvæðinu þegar pása er á spilun.

9.4.2 Seta spilun á pásu

- Ýtið á (4).
- Pása er á spilun.
- Ýtið á (4).
- Spilun hefst aftur.

9.4.3 Hoppa yfir á næsta/fyrri titil

- Ýtið á (3) eða (5).
- Næsti eða fyrri titill er spilaður.

9.4.4 Val á titlum í miðlafafrá

- Ýtið á (7).
- Miðlafafrinn opnast. Frekari upplýsingar um þetta má finna í hlutanum með heitinu „Miðlafafrí“ (síða 46).

9.4.5 Hraðspólun áfram/afturábak

- Ýtið á framvindustiku spilunar (6) og rennið fingri til vinstri eða hægri eftir stikunni til að breyta staðsetningu í titlinum stöðugt.

9.4.6 Hoppa áfram/afturábak í núverandi titli

- Ýtið á viðeigandi staðsetningu á framvindustiku spilunar (6).


9.4.7 Heilskjášhamur – kveikt/slökkt

- Til að skipta á milli myndbandsgluggans og heilskjášhams,
- ýtið á myndsvæðið (2).
- eða
- hinkraðu í u.þ.b. 5 sekúndur.

9.5 Miðlavafri

Með miðlavafranum er hægt að velja hljóð- og myndbandstitla til spilunar.

9.5.1 Vafraglugginn



Finna má eftirfarandi upplýsingar og stýringar í vafraglugganum:

- (1) Hnappurinn : Loka miðlavafra
- (2) Helstu flokkar (hér: *mappa*)
- (3) Undirflokkar (hér: möppur)
- (4) Hnappurinn upp: Fara aftur í yfirskipaðan flokk
- (5) Hnappurinn : Sýna aðra aðalflokka
- (6) Titill/skrár

Í vafraglugganum er hægt að velja miðla eftir mismunandi flokkum, eins og listamönnum, hljómplötum eða tegund.

Helstu flokkarnir eru:

- Heiti:
Veljið titil úr titlum í boði. Allir titlar miðlagjafa eru síðan spilaðir.
- Listamaður:
Veljið titil úr öllum titlum listamannsins eða eina af hljómplötu listamannsins. Aðeins titlar listamannsins eða hljómplötunnar eru spilaðir í kjölfarið.
- Hljómplata:
Veljið titil á hljómplötu í boði. Aðeins titlar hljómplötunnar eru spilaðir í kjölfarið.
- Tegund:
Veljið titil á hljómplötu af tegundinni eða hljómplötu tiltekins listamanns. Aðeins titlar hljómplötunnar eru spilaðir í kjölfarið.
- Mappa:
Veljið titil í möppuskipan miðlagjafans. Aðeins titlar í sömu möppu eru spilaðir í kjölfarið.
- Lagalisti:
Veljið titil í lagalista. Aðeins titlar í sama lagalista eru síðan spilaðir.
- Hljóðbók:
Veljið kafla í hljóðbók í boði. Aðeins kaflar völdu hljóðbókarinnar eru síðan spilaðir.
- Hlaðvarp:
Veljið þátt af hlaðvarpi í boði. Aðeins þættir valda hlaðvarpsins eru síðan spilaðir.
- Myndband:
Veljið þátt myndbands í boði. Aðeins þættir valda myndbandsins eru síðan spilaðir.

9.5.2 Val á titlum

- Ýtið á viðeigandi aðalflokk (2). Samsvarandi listaatriði eru sýnd.



Athugasemd:

- Til að skruna í gegnum aðalflokkana skal,
 - ýta á fliparöðina.

- Ýtið á viðeigandi undirflokk, ef svo á við (3).



Athugasemdir:

- Til að skruna í gegnum listaatriði skal,
 - ýta á listasvæðið og renna fingri upp eða niður.
 Undirflokkur getur innihaldið fleiri undirflokka.
 - Til að fara aftur í yfirskipaðan flokk skal,
 - ýta á **Up** (upp) (4).

- Ýtið á viðeigandi titil (6). Spilun hefst.



Athugasemd:

- Til að sýna viðeigandi miðlaglugga skal,
 - ýta á (1).

9.5.3 Loka vafra án þess að velja titil

- Ýtið á (1). Núverandi miðlagluggi er sýndur.

10 Leiðsögn



Athugasemd:

Þessi aðgerð á aðeins við ef tækið er búið leiðsögukerfi.



Öryggi í akstri

- ▶ Notkun leiðsögukerfisins leysir ökumanninn ekki undan þeirri ábyrgð að haga akstri sínum með viðeigandi og aðgætnum hætti. Það verður ávallt að fylgja viðeigandi umferðarreglum. Ef fyrirmæli leiðsögukerfisins stangast á við umferðarreglur eiga umferðarreglurnar ávallt við.
- ▶ Það getur verið að leiðsöguleiðbeiningar tækisins séu ekki fullkomlega réttar. Gangið úr skugga um að allur akstur sé löglegur og öruggur til að koma í veg fyrir slys.
- ▶ Sum svæði – einstefnugötur, inngangar og önnur göngusvæði, þar sem aðgangur ökutækja er bannaður – eru ef til vill ekki merkt á kortið. Ef fyrirmæli leiðsögukerfisins stangast á við umferðarreglur eiga umferðarreglurnar ávallt við.



Athugasemd:

Þetta leiðsögukerfi reiknar út núverandi staðsetningu ökutækisins með gervihnattarmerkjum, margvíslegum merkjum frá ökutækinu, kortagögnum o.s.frv. En það getur verið að nákvæm staðsetning sé ekki sýnd eftir því hvert ástand gervihnattarins, vegarins, ökutækisins eða aðrar kringumstæður eru. Útreikningur á leið getur tekið lengri tíma vegna skilyrða og almennra takmarkana á leiðinni.

10.1 Hefja leiðsögn

Til að opna í kortasýn,

- ▶ ýtið á aðalsvæðið í gluggareitnum *Navigation* (leiðsögn) í heimavalmyndinni.

Til að opna valmyndina *Destinations* (ákvörðunarstaðir),

- ▶ ýtið á titilstiku gluggareitsins *Navigation* (leiðsögn) í heimavalmyndinni.


10.2 Innsláttur á ákvörðunarstað

10.2.1 Opna valmyndina *Destinations* (ákvörðunarstaðir)

- ▶ Ýtið á titilstiku leiðsögugluggareitsins í heimavalmyndinni.

Eða ef leiðsögn er ekki virk:

- ▶ Ýtið á í kortasýnni. Valmyndin *Destinations* (ákvörðunarstaðir) er sýnd:



Athugasemd:

Ef leiðsögn er í gangi er valmyndin *Route* (leið) í valmyndinni *Destinations* (ákvörðunarstaðir) sýnd. Frekari upplýsingar má finna í kaflahluta undir heitinu „Leiðsagnarstillingar í valmyndinni *Route* (leið)“ (síða 56).

Í flípanum *New* (nýr) má tilgreina nýjan ákvörðunarstað.

Sjá kaflann „Velja áhugaverðan stað“ (síða 49).

Ef skipt er yfir á flípann *Previous* (fyrrri) eða flípann *Favourites* (eftirlæti) er hægt að velja fyrri ákvörðunarstað eða vistað eftirlæti sem nýjan áfangastað.

Sjá hluta undir heitinu „Val á fyrri ákvörðunarstað eða ákvörðunarstað sem vistaður er sem eftirlæti“ (síða 51).

10.2.2 Innsláttur á heimilisfangi



Athugasemd:


Aðeins heimilisföng á kortum leiðsögukerfisins eru í boði.

- ▶ Í valmyndinni *ákvörðunarstaðir* skal ýt á flipann *nýr*, ef þörf krefur.
- ▶ Ýtið á **New address** (nýtt heimilisfang). Valmyndin *innsláttur á heimilisfangi* birtist.
- ▶ Skráið eftirfarandi hluta heimilisfangsins í þessari röð:
 1. Land
 2. Borg/póstnúmer
 3. Gata
 4. Vegamót eða húsnúmer

Til að færa inn hluta af heimilisfangi,

- ▶ ýtið á viðeigandi atriði.

Lyklaborðið birtist:



Athugasemd:

Ef kveikt er á stillingunni „Lyklaborði læst við akstur“ er aðeins aðgangur að lyklaborðinu á meðan ökutækið er kyrrstætt. Frekari upplýsingar um þetta má finna í hlutanum með heitinu „Frekari kerfisstillingar“ (síða 20).

- ▶ Sláið inn viðeigandi heiti eða númer.



Athugasemd:

Ef þörf krefur skal ýta á **#+=/ÆØÜ** til að birta sértáknin á lyklaborðinu.

Eða:

- ▶ Sláið inn fyrstu stafi heimilisfangshlutans.
- ▶ Ýtið á **OK** til að sýna lista yfir heimilisfangshluta sem passa.
- ▶ Ýtið á viðeigandi heimilisfangshluta sem passar.

Valmyndin *innsláttur á heimilisfangi* birtist.

- ▶ Haldið áfram með næsta hluta heimilisfangsins.

Ef þú vilt færa inn frekari upplýsingar um heimilisfangið:

Til að opna lyklaborðið aftur og bæta stöfum við heimilisfangið

- ▶ skal ýta á hnappinn **»**.



Athugasemd:

Eftir innslátt á landi og borg ákvörðunarstaðarins er hægt að hefja leiðsögnina. Þá færðu leiðsögn sjálfkrafa í miðborgina.

- ▶ Ýtið á **↖** til að hefja leiðsögn.



Athugasemd:

Ef innslegna heimilisfangið er óljóst er listi yfir mögulega ákvörðunarstaði sýndur.

Til að hefja leiðsögn á viðkomandi ákvörðunarstað:

- ▶ Ýtið á viðeigandi atriði

Fyrir atriði til að skoða upplýsingar um viðkomandi ákvörðunarstað áður en leiðsögn er sett í gang:

- ▶ Ýttu á **»** fyrir atriði (sjá kaflann „Upplýsingagluggi um stað“ (síða 51)).

Eða:

Til að skoða upplýsingar um viðkomandi ákvörðunarstað og kort af nærliggjandi svæði:

- ▶ Ýttu á **»** (sjá kaflann „Upplýsingagluggi um stað“ (síða 51)).

Til að hefja leiðsögn:

- ▶ Ýtið á **↖**.

Kerfið reiknar út leiðina á valinn ákvörðunarstað.

**Athugasemd:**

Ef leiðsaga er þegar í gangi er hægt að velja

- hvort skipta ætti núverandi ákvörðunarstað eða, ef svo á við, núverandi leiðarpunkti út fyrir nýjan ákvörðunarstað (sjá kaflahluta undir heitinu „Breyting á ákvörðunarstað þegar leiðsögn er í gangi“ (síða 53))

eða

- hvort bæta eigi nýja ákvörðunarstaðnum við núverandi leið sem leiðarpunkti (sjá hlutann undir heitinu „Innsláttur á leiðarpunkti“ (síða 53)).

10.2.3 Velja áhugaverðan stað

Aðferðir við að leita að áhugaverðum stað

Það eru tvær aðferðir við að leita að áhugaverðum stað:

- Aðferð 1: Þú getur leitað að áhugaverðum stað sem er í tiltekinni borg eða póstnúmeri.
- Aðferð 2: Þú getur leitað að áhugaverðum stað nærri núverandi staðsetningu þinni.

**Athugasemdir:**

- Þú getur notað báðar aðferðirnar til að leita að áhugaverðum stað, sem vistaður hefur verið í kortagögnunum, eða í þínum eigin áhugaverðum stað.
- Finna má frekari upplýsingar um eigin áhugaverða staði í kaflahluta undir heitinu „Eigin áhugaverðir staðir“ (síða 66).

Fylgið þrepum viðkomandi aðferðar eins og lýst er að neðan og haldið áfram að lesa kaflahlutann „Val á áhugaverðum stað og hefja leiðsögn“ (síða 49).

- Aðferð 1: Áhugaverður staður í borg eða póstnúmeri:
 - Í valmyndinni *ákvörðunarstaðir* skal ýta á flipann *nýr*.
 - Ýtið á **POI search** (leit að áhugaverðum stað) eða **MyPOI search** (leit að áhugaverða staðnum mínum).

Valmyndin *innsláttur á heimilisfangi* birtist.

- Færið inn land og borg eða póstnúmer fyrir áhugaverða staðinn, eins og lýst er í kaflahluta undir heitinu „Innsláttur á heimilisfangi“ (síða 48).
- Ýtið á **POI search** (leit að áhugaverðum stað)

Flokkar yfir áhugaverða staði í boði eru sýndir.

- Aðferð 2: Áhugaverðir staðir í grenndinni:
 - Í valmyndinni *ákvörðunarstaðir* skal ýta á flipann *nýr*.
 - Ýtið á **POIs nearby** (áhugaverðir staðir í grenndinni) eða **MyPOIs nearby** (áhugaverðu staðirnir mínir í grenndinni).

Flokkar yfir áhugaverða staði í boði eru sýndir.

**Athugasemd:**

Sýndir eru allt að 100 áhugaverðir staðir í boði í 150 km radius í kring um núverandi staðsetningu þína.

Val á áhugaverðum stað og hefja leiðsögn

Áhugaverðum stöðum í boði er skipt í flokka eins og *Emergency* (neyð) og *Automotive* (ökutæki).

- Ýtið á viðeigandi flokk.

Eða:

Til að sýna alla áhugaverða staði í boði:

- Ýtið á **All POIs** (allir áhugaverðir staðir).

**Athugasemdir:**

- Flokkur getur innihaldið fleiri undirflokka. Til dæmis er flokknum *Automotive* (ökutæki) skipt í undirflokka eins og Petrol station (bensínstöðvar) og Garage (verkstæði). Haldið áfram að velja viðeigandi undirflokka þar til áhugaverðir staðir birtast.
- Einnig má nota leitarorð til að finna einn eða fleiri áhugaverða staði.

Til að gera það skal:

- Ýta á **Search** (leit).
- Slá inn viðeigandi leitarorð.
- Staðfesta með því að ýta á OK.

- Ýtið á viðeigandi áhugaverðan stað. Upplýsingar um áhugaverða staðinn og kort af nærliggjandi svæði er sýnt (sjá kaflahluta undir heitinu „Upplýsingagluggi um stað“ (síða 51)).
- Ýtið á ↖.

Upplýsingar um ökutækið birtast.

**Athugasemd:**

- Ef breyta á stillingum ökutækisins skal,
- ýta á ✎ (sjá hlutann undir heitinu „Stillingar ökutækis“ (síða 65)).

- Ýtið á ↖ til að hefja leiðsögn.

Kerfið reiknar út leiðina á valinn ákvörðunarstað.

**Athugasemd:**

Ef leiðsaga er þegar í gangi er hægt að velja

- hvort skipta ætti núverandi ákvörðunarstað eða, ef svo á við, núverandi leiðarpunkti út fyrir nýjan ákvörðunarstað (sjá kaflahluta undir heitinu „Breyting á ákvörðunarstað þegar leiðsögn er í gangi“ (síða 53))

eða

- hvort bæta eigi nýja ákvörðunarstaðnum við núverandi leið sem leiðarpunkti (sjá hlutann undir heitinu „Innsláttur á leiðarpunkti“ (síða 53)).

10.2.4 Innsláttur á hnitum

- Í valmyndinni *ákvörðunarstaðir* skal ýt á flipann *nýr*, ef þörf krefur.
- Ýtið á **Geo coordinates** (landfræðileg hnit). Valmyndin *Enter geo coordinates* (færa inn landfræðileg hnit) birtist.
- Færið inn hnit.

**Athugasemdir:**

Til að færa inn hnitagildi skal fyrst

- ýta á viðeigandi innsláttarreit.
- Síðan skal færa inn gildið með því að slá á viðkomandi tölustafi á talnaborðinu.
- Ýtið á **Change** (breyta) til að breyta sniði landfræðilegu hnitanna. Ef þú vilt færa inn hnit fyrir suðurhvel eða vesturhvel jarðar skal,
- ýta á **South** (suður) eða **West** (vestur).
- Ef þú færir inn rangan tölustaf getur þú eytt honum með því að ýta á ✕.

- Ýtið á >.

Upplýsingar um staðsetninguna og kort af aðliggjandi svæði eru birtar (sjá hlutann undir heitinu „Upplýsingagluggi um stað“ (síða 51)).

- Ýtið á ↖.

Upplýsingar um ökutækið birtast.

**Athugasemd:**

Ef breyta á stillingum ökutækisins skal,

- ýta á ✎ (sjá hlutann undir heitinu „Stillingar ökutækis“ (síða 65)).

- Ýtið á ↖ til að hefja leiðsögn.


Kerfið reiknar út leiðina á valinn ákvörðunarstað.

10.2.5 Val á ákvörðunarstað af korti

- ▶ Í valmyndinni *ákvörðunarstaðir* skal ýta á flipann *nýr*, ef þörf krefur.
- ▶ Ýtið á **By map** (af korti).

Kortasýnin birtist.

- ▶ Ef þörf krefur skal færa kortið þar til viðeigandi ákvörðunarstaður er undir bendlinum.

- ▶ Ýtið á .


Upplýsingar um valinn stað birtast (sjá kaflahluta undir heitinu „Upplýsingagluggi um stað“ (síða 51)).

- ▶ Ýtið á .

Upplýsingar um ökutækið birtast.



Athugasemd:

- Ef breyta á stillingum ökutækisins skal,
- ▶ ýta á  (sjá kaflann „Stillingar ökutækis“ (síða 65)).

- ▶ Ýtið á  til að hefja leiðsögn.

10.2.6 Val á fyrri ákvörðunarstað eða ákvörðunarstað sem vistaður er sem eftirlæti

- ▶ Í valmyndinni *Destinations* (ákvörðunarstaðir) skal ýta á flipann *Previous* (fyrri) eða flipann *Favourites* (eftirlæti).

Ákvörðunarstaðir í boði eru sýndir.



Athugasemdir:

- ▶ Í flípanum *Favourites* (eftirlæti) sérðu heimilisfangið þitt efst á listanum. Upplýsingar um hvernig eigi að tilgreina og vista eigið heimilisfang má finna í kaflahluta undir heitinu „Vista heimilisfangið þitt“ (síða 53).
- ▶ Auk heimilisfangs er hægt að vista allt að 30 eftirlæti í upplýsingaglugganum um ákvörðunarstaðinn (sjá kaflahluta undir heitinu „Upplýsingagluggi um stað“ (síða 51)).

- ▶ Ýtið á viðeigandi ákvörðunarstað.


Upplýsingar um staðsetninguna og kort af aðliggjandi svæði eru birtar (sjá hlutann undir heitinu „Upplýsingagluggi um stað“ (síða 51)).


- ▶ Ýtið á .

Upplýsingar um ökutækið birtast.



Athugasemd:

- Ef breyta á stillingum ökutækisins skal,
- ▶ ýttu á  (sjá kaflann „Stillingar ökutækis“ (síða 65)).

- ▶ Ýtið á  til að hefja leiðsögn. Kerfið reiknar út leiðina á valinn ákvörðunarstað.



Athugasemd:

Ef leiðsaga er þegar í gangi er hægt að velja

- ▶ hvort skipta ætti núverandi ákvörðunarstað eða, ef svo á við, núverandi leiðarpunkti út fyrir nýjan ákvörðunarstað (sjá kaflahluta undir heitinu „Breyting á ákvörðunarstað þegar leiðsögn er í gangi“ (síða 53))

eða


- ▶ hvort bæta eigi nýja ákvörðunarstaðnum við núverandi leið sem leiðarpunkti (sjá hlutann undir heitinu „Innsláttur á leiðarpunkti“ (síða 53)).

10.3 Upplýsingagluggi um stað

Hægt er að fá ítarupplýsingar um eftirfarandi staði eða ákvörðunarstaði:

- ▶ Áhugaverðir staðir
- ▶ Fyrri ákvörðunarstaðir
- ▶ Eftirlæti
- ▶ Nýir ákvörðunarstaðir

10.3.1 Svæði í upplýsingaglugganum um stað



Finna má eftirfarandi upplýsingar og stýringar í upplýsingaglugganum:

- (1) Kort af svæðinu í kring um staðinn
- (2) Hnappurinn ↗ : Opna kort í fullri stærð
- (3) Upplýsingar um heimilisfang
- (4) Hnappurinn ☎ : Hringja í vistað númer (aðeins ef farsími er tengdur og númerið er vistað)
- (5) Hnappurinn ↶ : Hefja leiðsögn (aðeins ef leiðsögn er ekki virk)
- (6) Hnappurinn ☆ : Vista sem eftirlæti (allt að 30 eftirlæti möguleg)
ef staðurinn er þegar eftirlæti:
✎ hnappur: Breyta heiti eftirlætisins
- (7) Neðsti valmyndarflipinn

- (8) Hnappurinn U : Eyðið staðnum (aðeins fyrir fyrri ákvörðunarstaði, eftirlæti eða leiðarpunkta; aðeins ef engin leiðsögn er virk)
- (9) Hnappurinn U All (allt): Eyðið öllum stöðum á listanum (annaðhvort fyrri ákvörðunarstöðum, eftirlætum eða leiðarpunktum; aðeins ef leiðsögn er ekki virk)

10.3.2 Valkostir í upplýsingaglugga um stað

Auk þess eru þessir kostir í boði fyrir þig (eftir gerð staðsetningar):
Þú getur geymt staðsetningu í eftirlætunum þínum.

Til að gera það,

- ýtið á ☆ (6).

Síðan bjóðast þér eftirfarandi kostir:

Til að breyta nafni eftirlætisins áður en það er vistað:

- Ýtið á **Edit name** (breyta nafni).

Til að vista eftirlætið án þess að breyta nafninu:

- Ýtið á **Save with displayed name** (vista með sýndu nafni).

Til að geyma eftirlætið sem heimilisfangið þitt:

- Ýtið á **Save as home** (vista sem heima) (sjá einnig kaflahlutann undir heitinu „Vista heimilisfangið þitt“ (síða 53)).



Athugasemdir:

- Ef þú vilt endurskíra ákvörðunarstaðinn skalt færa inn nafn fyrir hann með því að nota lyklaborðinu. Ef þörf krefur skal ýta á **#+=/ÆØÜ** til að birta sértáknin á lyklaborðinu. Ýtið á **OK** til að geyma ákvörðunarstaðinn undir innslegna nafninu.
- Ef þú vilt geyma eftirlætið sem heimilisfangið þitt og heimilisfangið þitt er þegar vistað ertu beðin/n um að staðfesta breytingu á núverandi heimilisfangi þínu.
- Ef hámarksfjöldi eftirlæta hefur þegar verið vistaður birtist tilkynning um það og þú getur skipt út eldra eftirlæti.

Ef staðurinn er þegar eftirlæti getur þú endurskirt eftirlætið. Til að gera það,

- skal ýta á ✎ (6).

- staðfesta með því að ýta á **OK**.

Símanúmer er vistað fyrir suma staði.

Til að hringja í númerið,

- Ýtið á ☎ (4).



Athugasemd:

Farsími verður að vera tengdur við tækið fyrir aðgerðina.

Til að eyða sýnda staðnum af listanum yfir fyrri ákvörðunarstaði, eftirlæti eða listanum yfir leiðarpunkta skal

- ▶ ýta á **U** (8).
- ▶ staðfesta með því að ýta á **✓**.

Til að eyða öllum fyrri ákvörðunarstöðum, eftirlætum eða leiðarpunktum og endanlegum ákvörðunarstað virkrar leiðsagnar skal,

- ▶ ýta á **U All** (allt) (9).
- ▶ staðfesta með því að ýta á **✓**.



Athugasemdir:

- ▶ Ef þú eyðir leiðarpunkti er leiðin endurútreiknuð og sýnd á kortinu.
- ▶ Ef þú eyðir öllum leiðarpunktinum og endanlega ákvörðunarstaðnum er hætt við leiðsögnina.

Til að hefja leiðsögn úr upplýsingaglugganum skal,

- ▶ ýta á **✓** (5).

10.4 Vista heimilisfangið þitt

Þú getur vistað heimilisfangið þitt.

Heimilisfangið birtist efst í eftirlætalistanum þínum (sjá kaflahluta undir heitinu „Val á fyrri ákvörðunarstað eða ákvörðunarstað sem vistaður er sem eftirlæti“ (síða 51)).



Athugasemd:

Ef þú hefur þegar vistað heimilisfangið þitt verður skipt um það/skrifað yfir það með nýja heimilisfanginu eftir staðfestinguna.

- ▶ Í valmyndinni *Destinations* (ákvörðunarstaðir) skal ýta á flipann *Favourites* (eftirlæti).
- ▶ Ýtið á **Home** (heim).

Til að geyma núverandi staðsetningu sem heimilisfangið þitt,

- ▶ Ýtið á **Current position** (núverandi staðsetning)

Eða:

Til að tilgreina heimilisfang,

- ▶ Ýtið á **Enter address** (slá inn heimilisfang).
- ▶ Færið inn heimilisfangið eins og fjallað er um í kaflahluta undir heitinu „Innsláttur á heimilisfangi“ (síða 48).

Þegar heimilisfang hefur verið tilgreint skal til að vista innslegna heimilisfangið sem heimilisfangið þitt,

- ▶ ýta á **Set as home** (stilla sem heima).

10.5 Innsláttur á leiðarpunkti

Um leið og þú hefur hafið leiðsögn á ákvörðunarstað er hægt að slá inn allt að níu fleiri ákvörðunarstaði sem leiðarpunkta.



Athugasemd:

Ekki er hægt að breyta röð leiðarpunktanna, sem þú slærð inn, á síðari stigum. Öllum leiðarpunktum, sem þú bætir við, verður bætt við leiðina fyrir ákvörðunarstaðinn. Svo síðasti leiðarpunkturinn, sem þú bætir við, verður síðasti leiðarpunkturinn á leiðinni.

- ▶ Færið inn nýja ákvörðunarstaðinn eins og lýst er í hlutanum undir heitinu „Innsláttur á ákvörðunarstað“ (síða 47).

Um leið og ýtt er á **✓** birtist tilkynningin *leiðsaga er virk*.

- ▶ Ýtið á **Add as waypoint** (bæta við sem leiðarpunkti).

Nýja ákvörðunarstaðnum er bætt við leiðina sem leiðarpunkti. Kerfið reiknar út leiðina að ákvörðunarstaðnum.

10.6 Breyting á ákvörðunarstað þegar leiðsögn er í gangi

Hægt er að breyta ákvörðunarstað eða leiðarpunkti á meðan leiðsögn er í gangi.

- ▶ Færið inn nýja ákvörðunarstaðinn eins og lýst er í hlutanum undir heitinu „Innsláttur á ákvörðunarstað“ (síða 47).

Um leið og ýtt er á **✓** birtist tilkynningin *leiðsaga er virk*.

- Ýtið á **Replace destination** (skipta um ákvörðunarstað) eða **Add as waypoint** (bæta við sem leiðarpunkti).
